Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Gjörðabók skattanefndar 1878-1919

Aðfnr. 252

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR.

Gjörðabók skattanefndar
1878
:
1919

.077.5 - .713.075.15

252

Gjörðabók
skattanefndarinnar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

456

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gjörðabók
Skattanefndarinnar í Reykjavík.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
252.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878 þann 16 Október mánaðar kl 12m var skattanefndin í Reykjavíkur kaupstað komin saman á bæarþingstofu kaupstaðarins til þess að taka framtal skattgreiðenda eptir lögum 14 Dez 1877.

Framtalsþingið hefir verið boðað með auglýsingu þ.m. nú og með bumbuslætti á götum bæarins í dag.

Fór nú framtalið þannig fram:

1. Verzlunarstjóri Einar Jafetsson skýrði frá að atvinnutekjur hans árið 1877 hefði verið Brutto 1600 kr.
2. Yfirréttar málfærslumaður Páll Melsteð skýrði frá að atvinnutekjur hans s.á. hefði verið 1250 krónur
3. Prentari Einar Þórðarson atvinnutekjur s.á. 2600 kr. Hann skýrði frá að hann ekki hefði tekjur af fasteign að telja fram.
4. Assessor L E Sveinbjörnsson atvinnutekjur s.á. 3572 kr 35 aur.
5. Rektor Jón Þorkelsson atvinnutekjur s.á. 4200 þarvið bætist fyrir leigulausan bústað 400 kr alls 4600 kr. Leigur af arðberandi lausafé 112 kr.
6. Söðlasmiður Ólafur Ólafsson 1080 kr. Hann á 25 ær á leigu í Húnavatnssýslu af hverjum leigu nemur minna en 50 kr.
7. Gestgjafi Hallberg. Fasteignartekjur engar, af arðberandi lausafé 36 kr atvinnutekjur 1400 kr.
8. Guðmundur Jóhannesson smiður fasteignargjöld 51 kr arðberandi lausafé vextir 50 kr. Atvinnutekjur 1877 427 kr.
9. Einar Jónsson snikkari fasteignargjöld 80 kr. Vextir af arðberandi lausafé 152 kr. atvinna 590 kr ásamt húsaleigu 148 kr alls 738 kr.
10. Helgi Helgason snikkari. Tekjur af atvinnu 1100 kr. arðberandi lausafé ekkert.
11. Sigurður Jónsson, tekjur af atvinnu 800 kr og leigulausan bústað er hann metur á 100 kr og frían miðdegisverð fyrir 3 er hann metur 120 kr alls 1020 kr. en hann gjöri að 1100 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Héraðslæknir Tómás Hallgrímsson telur fram atvinnutekju launa 1800 og fyrir lækningar 100 alls 1900 kr.

13. Gjörkeimari Halldór Friðriksson, tekjur af atvinnu árið 1877. 3560 krónur

14. Amtmaður Thorberg arður af fasteign 100 kr., tekjur af atvinnu 5958 kr.

15. Bæarfógeti Theodor Jónassen arður af fasteign 278 kr. tekjur af atvinnu 4000 kr.

16. Jónas Helgason járnsmiður og organisti telur fram sem atvinnutekju 1877 ekki yfir 1000 kr.

17. Landfógeti Árni Thorsteinson, tekjur af fasteign 28 kr. 94 a. arðberandi lausafé 200 kr. tekjur af atvinnu 5950 kr.

Fleiri komu ekki er töldu fram, en formanni nefndarinnar hafa verið afhent framtöl frá eptirfylgjandi mönnum, og voru skrifuð þeirra tekjur við þóknir, sem fylgiskjöl þannig.

1. Docent Helga Halfdanarsonar.
2. Póstmeistara Óla Finsen
3. Frú Herdísar Benediktsen
4. Lektor Melsted.
5. frá Kaupmanni H. Th. Johnsen
6. Faktor N. Zimsen
7. Stórkaupmaður P. C. Knudtzon
8. Kaupmaður Símon Johnsen, samt
9. Kaupmaður Thomsen pr. E. Jafetsson er ekki telur fram gjaldtekjustofn

Skjöl þessi voru mörkuð No 1–9.

Framtalsfundinum slitið kl 1 ½ e. m.

E. Th. Jónassen  Bergur Thorberg  A. Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878 h. 28 oktober átti skattanefndin aptur fund með sér. Frá því framtalsþing var haldið hafa þessir menn skriflega talið fram:

1. Finsen landshöfðingi
2. Magnús Jónsson kaupmaður

Skjöl þessi leggjast við bókina og auðkennast No 10–11.

Var síðan af nefndinni samin skrá yfir alla þá er skattskyldir eru í bænum, en nefndin ákvað að halda aptur fund með sér kl. 6. e. m. 30. þ. m. til þess að ganga endilega frá skránni og undirbúa hana að öllu leyti til framleggingar fyrir almenning.

Fundi slitið

E Th Jonassen   Bergur Thorberg   A Thorsteinson

Ár 1878 h. 30. oktober átti skattanefndin fund með sér til þess aptur að yfirfara skrána yfir þá skattskyldu hér í bænum. Síðan á síðasta fundi hafði biskup P. Pjetursson sent nefndinni skjöl um tekjur sínar og var það lagt fram og merkt No 12. og er svo hljóðandi: + + + Var svo skráin afhent formanni til þess að láta hreinskrifa hana og leggja hana fram fyrir almenning.

Fundi slitið

E Th Jonassen   Bergur Thorberg   A Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1878 þann 27 November átti skattanefndin fund með sér
Voru teknar fyrir kærur þær er hafa komið fram innan 15 þ.m.
og eru þær.
1. Frá E. Zimsen sem umboðsmanni verzlunar stórkaupmanns P. C. Knudtzon.
2 – Landlækni J. Hjaltalín.
3. frá þurrabúðarmanni hinnar [illegible] Jóni Arnasyni
4 Frá [illegible] Valgarði Breiðfjörð en þareð hann ekki hefir verið settur í atvinnugjald, verður kæra þessi ekki tekin til greina.

Var ákveðið að skattanefndin héldi fund á fimmtudaginn 29 þ.m. kl. 1 e.m. og að kærendurnir No 1–3 yrði boðaðir með hvölds fresti til að mæta í þinghúsi bæjarins fyrir nefndinni. Það var álitið nægilegt að innköllun væri boðað á sannanlegan hátt fyrir verzlunarstjóra Knudtzons hér á staðnum N. Zimsen með áskorun að hann sem forstöðumaður verzlunarinnar er hefir verið sett í gjaldið gæti þess er þörf væri á, þarámeðal ~~að~~ láta kærandanum vita um fundinn.
Nefndin breytti tekjuútsvari [illegible] N. Zimsen úr 1250 kr. 1050 kr, íhugandi þess að nefndin hefir óyggjandi vissu fyrir að tekjur hennar ~~þær~~ ekki eru meiri.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen Bergur Thorberg Á. Thorsteinsson

Ár 1878 þann 29 November átti skattanefndin fund með sér.

1. Tekin fyrir kæra Jústitsráðs landlæknis J. Hjaltalín. Þrátt fyrir boðun formannsins að koma á þenna fund var hann ei mættur.
Þareð kærandinn hefir 4800 kr. þáverandi var alþingismaður árið 1870 og hafði 360 kr. í dagpeninga, og ekkert er komið fram sem að hafi hrakið það álít nefndarmenn að hann hafi 300 kr. í [illegible], finnur nefndin ekki ástæðu til að taka kæru hans til greina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Kæra herra C. Zimsen fyrir hönd stórkaupmanns P. C. Knudtzon.

Á fundinum var mættur eptir beiðni faktor C. Zimsen, sem var aðspurður um hvort hann hefði nokkuð frekara að færa fram kvörtun sinni viðvíkjandi, skýrskotaði í aðra til bréfs þess er hann hefir skrifað nefndinni. Honum var tjáð að nefndin ekki sæi sér fært að víkja þess til álögunnar án nýjum upplýsingum eða ýtarlegri. Var kæran þareptir tekin til úrskurðar.

Var þareptir upphvaðinn úrskurður á þessa leið:

Skýrslur þær, sem kæruskjalið inniheldur er sé í heild sinni ekki svo ýtarlegar eða fullnægjandi, að þær innihaldi nægileg rök fyrir nefndina til að breyta ákvörðun sinni um gjaldstofn kærandans. Sé upphæð byggt á skýrslu kærandans ~~fakta~~ um innfluttar vörur, og [illegible] á verslunar skiptum hans virðist nefndinni enfremur öll ástæða til þess að ætla að gjaldstofninn sé ekki ofhátt settur. Nefndin telur þess getið að hana vanta lagaheimild til að veita kærandanum frest til að útvega nýjar upplýsingar.

Kæra verslunarfulltrúa C. Zimsen ~~fyr~~ um tekjuskatt verslunar stórkaupmanns P. C. Knudtzon hér í bænum verður því ei tekin til greina.

3. Frá fjárhaldsmanni hinnar hálfmyndugu Ingibjargar Benidiktsdóttur, Jóni Arnasyni, er ekki var mættur þó hann hefði ~~komið~~ verið boðaður á fundinn. Lögmaður nefndarinnar lagði fram reikning yfir fjárhald hennar með fylgiskjölum, þaraðal kvittun fyrir flutningskostnaði á jarðagjaldinu 23 kr 40 aur. framfærslustyrk 400 kr.

Kærandinn hefir sannað að tekjur kærandans hafi alls verið 1007 kr 15 útgjöldin eru alls 423-40 aur. ~~kostnaður~~ 23 kr 40 aur., og finnur nefndin ~~telst~~ ekki nægja ástæðu til þess að tekka framfærslukostnað hennar sem talinn er 400 kr. Fyrir greiðslu á umboðslaunum sem talin eru 100 kr er ei framkomin kvittun og getur nefndin því ekki tekið gjald þetta til greina, og hið sama er og um tekkun í gjaldi útaf kaupinu á Fortepiano 893 kr, þareð afföllur kostnaður ekki heyrir til þessara gjalda er eptir lögunum má draga frá þeyar tekju-skattur er ákveðinn. Skattskyldar tekjur kærandans eptir 37 og 2 verða því 583 kr 75. og gjald þaraf 2.3 kr.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen Bergur Thorberg A. Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1879 þann 20 Janúar átti skattanefndin fund með sér

Voru tekin til álita kæruskjöl er hafa komið til yfirskatta nefndarinnar.

1. Kæruskjal verzlunarstjóra J. Stephensen yfir atvinnuskatti hans sjálfs og húsbónda hans W. Fischer.
Nefndin lýsir því yfir að til hennar hafi ekki fyrr eða síðar komið umkvörtun frá Herra J. Stephensen yfir atvinnuskatti hans sjálfs eða húsbónda hans. Álítur nefndin því að kæruskjal það er hann hefir sent yfirskattanefndinni ekki geti komið til nennna álita.

Formaður nefndarinnar tekur fram, að herra J. Stephensen ekki hafi skýrt sér eða nefndinni frá atvinnutekjum sín sjálfs eða húsbónda síns. Hinir aðrir nefndarmenn lýsa því og yfir að kærandinn ekki hafi skýrt þeim frá tekjum sínum eða húsbónda síns.

2. Borgara Bjarna Bjarnasonar
Kærandinn hefir ekki sent skattanefndinni umkvörtun yfir fasteignargjaldi því er á hann hefir verið lagt, og getur kæruskjal hans til yfirskattanefndarinnar því ekki komið til álita. Enda þótt að kærandinn, um það leyti sem að yfir gjöldunum átti að kæra, ekki hafi verið hér í staðnum, getur slíkt ekki ráðið úrslitum, þareð hann bæði gat og var skyldur að hafa umboðsmann að fasteignum sínum.

Nefndin lætur þess getið um kæruskjalið sjálft, að fasteignartekjurnar fyrir 1877 eru lagðar til grundvallar fyrir gjöldunum, er því líklegt að hann hafi heimt þær inn og það án þess að hafa umboðsmann, þaramót er líklegt að kærandinn hafi einungis haft tillit til fasteignargjaldsins árið sem leið. Að öðru leyti er kæruskjalið svo ótiltekið, að ekki er sundurliðað hvað mikið hann eigi útistandandi af gjöldunum, og hvað mikið hann hafi greitt í umboðunum, þann hluta ársins 1878 er hann var í útlöndum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3 Kæra verzlunarstjóra Chr. Zimsen ~~verzlunarstjóra~~ fyrir
hönd húsbónda hans stórkaupmanns P. C. Knudtzon & Søn
Um kæru þessa segir nefndin, að láta í ljósi að kærandinn
hafi verið óráðvandur í framtali sínu. Fyrst taldi hann
atvinnutekjur húsbónda síns á framtalsþingi fyrir næstl. 384 kr 56 au.
sinni
þar næst í kæruskjali sínu til nefndarinnar 2000 – "
og er þetta ofmikill munur, þótt að kærandinn láti í ljósi að
erfitt sé að skýra nákvæmlega frá tekjuupphæðinni.

Nefndin verður að halda fast fram mati sínu á tekjum
kærandans, þareð ekkert er komið fram sem að hnekki því, eða
breytir. Skýrsla kærandans sjálfs verðist öllu fremur í bága
festa álit nefndarinnar. Kærandinn skýrir þannig frá:
að útlendar vörur er hann hefði sent hingað hafi numið 85000
Hann hefði lagt á þær rúmar 31000 kr 31%. 26,500.
~~og hefir hann vatn~~ og er nefndin sannfærð um að
þessi upphæð er ekki minni en hún er sögð = 111,500

Nefndinni getur nú ekki blandast hugur um að minnst 6%
af þessum 111,500 kr eða um 7% af innkaupsverðinu 85000,
hafi fallið í hreinan ágóða og verði það með 6% af tekjunum
111,500 kr 6690 kr. eða með 7% af 85000 kr = 5950 kr.
Þetta sýnir betur en allt annað að mat nefndarinnar er mjög
nærri lagi; og er nefndinni svo kunnugt um dugnað og hagsýni
kærandans, að hann tæplega síður en aðrir kaupmenn, heldur
miklu fremur en margir ~~hinna~~ þeirra, sem þó ekki hafa kvartað,
hafi séð sér borgið með að ~~hafa~~ eptir 6% ágóða, af verzlun
sinni með útlendri vöru. Eptir kæruskjalinu verðist hann
fremur hafa grætt á íslenzku vörunni, en tapað, og skilur
nefndin bréf hans svo að hann á íslenzku vörunni hafi
grætt 2500 kr. Því þessi upphæð að frádregnum 500 kr
tapinu á útlendu vörunni, nemur tekjuupphæð þann er hann
telur með 2000 kr. Kærandinn hefir tekið fram að
hérumbil 2000 kr af ágóða útlendu vörunnar hafi farið í
húsaleigu og ábyrgðargjald. Þareð vöruábyrgðir nú á seinni
árum eru mjög litlar nemur ábyrgðargjaldið ekki mjög miklu
fram yfir 2–300 kr., verða þá eptir af þessum 2000 kr

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um 1700 kr til húsaleigu, en með því að kærandinn sjálfur á húsin álítur nefndin að þessa upphæð megi jafnvel telja með tekjuskattinum(?), hækkar því tekjur kærandans, er þessum 1700 kr er bætt við, úr 2000 kr upp í 3700 kr eptir hans eigin skýrslu

Af öllum þeim ástæðum sem tekin eru fram getur nefndin ekki lagt það til að tekjuskattur kæranda sé færður niður.

Eptirrit af gjörðabók ~~inni~~ nefndarinnar í dag sem og eptirrit af úrskurði hennar á hverri(?) verzlunarbúð(?) Chr. Zimsen sendir formaður nefndarinnar undir yfirskattanefndinni ásamt þeim skjölum er fylgdu bréfi hennar dags 13 þ. m.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen  Bergur Thorberg(?)  A. Thorsteinson

Ár 1879 þann 15 Októbermánaðar kl 12 m var skattanefndin í Reykjavíkur kaupstað komin saman á bæjarþingstofu kaupstaðarins til þess að taka framtal skattgreiðanda eptir lögum 14 Dec. 1877.

Framtalsþingið hefir verið boðað með auglýsingu af (?) þ. m. svo og með bumbuslætti á götum bæjarins í dag

Fór svo framtalið fram sem fylgir.

1. Rektor J. Þorkelsson taldi fram sem atvinnutekjur árið 1878. 1400 kr.
2. Forstöðumaður fangahússins Sigurður Jónsson atvinnutekjur 1100 kr.
3. Landshöfðingi Finsen skriflega 352 kr 80 aur. eigin atvinnutekjur 13,200 kr hvaðan frá dragast eptir § 7 ~~4,400~~ kr embættisútgjöld
4. Landfógeti A. Thorsteinson af fasteign 28 kr 94 aur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ardberandi launafje 200 kr. atvinnutekjur 7821 - 64 og útgjöld eða embættiskostnaður 2554 kr. =

5. Bæjarfógeti Th. Jónassen fasteignargjöld 350 hvarfrá ganga eptir 5/ 72 kr. = 278 kr. atvinnutekjur 4200 kr. kostnaður 500. = 3700 kr. a.

Fleira kom ekki á fund þenna til þess að telja fram og var svo framtalsþinginu slitið kl. 12 m.

E. Th. Jónassen Bergenstrahle [illegible]

Ár 1879 h. 26. oktob. átti skattanefndin í Reykjavík fund með sér til þess að semja skrá yfir þá er eiga að gjalda tekjuskatt eptir lögum 14. Dec. 1877 árið 1880. Síðan framtalsþingið var haldið 15. þ. m. hefir biskup P. Pjetursson skrifað nefndinni og skýrt frá að tekjur sínar af eign væru = 1420 kr. og bakari D. Bernhöft = 3000 kr.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen

Ár 1879 h. 6. december átti skattanefndin fund með sér til þess að rannsaka kærur þær, sem komið hefðu yfir hina framlögðu skattskrá fyrir ár 1879. Kærurnar eru þessar:

1. bref frá justitiarius Jón Pjetursson dags. 15. Nóv., þar sem hann skiðnar tekjur sínar, er hann eigi að greiða skatt af: 732 kr.

2. bref frá assessor hr. E. Sveinbjörnsson dags. 4. nóv. þar sem hann kveður það rangt, að skattanefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafi selt sig í 100 kr. tekjuskatt.

3. bréf dags. 8. f.m. frá Jóni Árnasyni stúdent, þar sem hann telur sínar skattskyldar tekjur 367,17 kr.

Eptir að hafa rannsakað þessar skýrslur fékkst nefndin á að þær væri réttar og að það beri að taka til greina og að leiðrétta eptir skattaskránni þessu samkvæmt.

Þarnæst lagði formaður fram:

1. bréf frá skattanefnd Seltjarnarneshrepps dags. 3/11. þ.á. eptir hverri að Þorvaldi Klengssyni hér í bænum beri að borga tekjuskatt af 31 kr. 36. jarðarafgjaldi.
2. bréf frá skattanefnd Þorkelshólshrepps dags. 6. f.m. um tekjur af fasteignum frú Elinborgar Vídalín er hún telur að upphæð: 565 kr.
3. bréf frá skattanefndinni í Húnavatnshreppi dags. 3. f.m. um tekjur jómfrú Þórunnar Guðmundsdóttur að upphæð: 35 kr. 90 a.

en með því engar af þessum skýrslum voru komnar til skattanefndarinnar, þegar skattaskráin var samin, þá eru tekjur þeirra sumpart eigi tilfærðar þar og sumpart rangt tilfærðar eptir skýrslum þessum og virtist því skattanefndinni réttast að kalla þessa skattgreiðendur, en nú voru nefndir á fund með sér til þess að ákveðið yrði hvað þeim beri að gjalda í skatt.

Fundi sagt slitið

E Th Jónassen   Bergur Thorberg   A Thorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880 h. 30. Oktober átti skattanefndin fund með sér til þess að semja skattaskrá fyrir árið 1881 eptir tekjum hlutaðeiganda fyrir árið 1879.

Á samtalsfundinum er var haldið 23. þ. m. töldu þessir menn fram.

1. verzlunarstjóri Jón Pálsson: tekjur af atvinnu 1500 kr.

2. assessor Lárus Sveinbjörnsson
   a.) tekjur af atvinnu 4000 ÷ 100 Kr. = 3900
   b.) do. af eign . . . . . . 147

Skattanefndinni hafa borizt framtalsskýrslur frá ~~Dr~~ Lector S. Melsteð, er telur tekjur af eign 380 kr. og frá biskupi P. Pjeturssyni er telur tekjur sínar af eign =

Fleira var eigi fyrirtekið og fundi saman slitið

E. Th. Jónassen

A. Thorsteinson     Bergur Thorberg

Ár 1880 h. 10. December átti skattanefndin fund með sér og var þar þá tekið fyrir klögun frá ekkjufrú S. D. Jonassen yfir þeirri skatta-upphæð, er henni hefir verið gert að borga af skattanefndinni í tekjuskatt fyrir árið 1881.

Bréf það, er inniheldur téða klögun, var dagsett 9. þessa fyrra mánaðar, var lagt fram og er svo hljóðandi: + +

Eptir að hafa hugleitt þessa umkvörtun var skattanefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samhuga á því að eptir útskýringu Landshöfdingjans yfir Íslandi á 7. gr. tekjuskatts-laganna frá 14. Desemb 1877 ætti nefnd ekkjufrú að greiða gjald það, sem skattanefndin hefir lagt á hana, endaþótt nefndin hins vegar vilji játa að henni finnist þeir ákvörðun reglugjörðarinnar ekki sanngjörn, með því að það í slíkum tilfellum og hér ræði um geti borið við að ekkjan eigi njóti þeirra tekna sem hún á að gjalda af tekjuskatt.

Því skal getið að greindri ekkjufrú var látin vita af þessum fundi, en hún kvaddst ekki gefa sig um að mæta þar eða láta mæta þar fyrir sína hönd, en fela það að öllu leyti á vald skattanefndarinnar að gera út um þetta mál. Skattaskráin hefir verið lögð fram í lögákveðinn tíma og hafa ekki komið fleiri umkvartanir.

Fundi sagt slitið

E. Th. Jónassen Borgen Stenberg A. Thorsteinsson

Ár 1881 h. október kom skattanefnd Reykjavíkur saman á bæjarþingstofunni til þess eptir þar um áður útgefinni auglýsingu að taka við skýrslum gjaldenda í nefndum bæ yfir tekjur þá, er þeir eiga að greiða skatt af til landsjóðs á manntalsþingi 1882, en á þennan framtalsfund varð enginn mættur og því sá nefndin af fund eptir klukkutíma bið.

E. Th. Jónassen Borgen Stenberg Einar Þórðarson

Ár 1881 h. 31. október og 2. nóvember hélt skattanefndin fundi með sér til þess að semja skrá yfir þá

sem eiga að borga skatt af tekjum sínum til landssjóðs árið 1882. Var svo þeim síðan undirskrifuð af skattanefndinni og formanni nefndarinnar falið á hendur að sjá um að skráin yrði birt hlutaðeigendum á lögskipaðan hátt.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen [illegible] Einar Þórðarson.

Ár 1882 h. 13. janúar átti skattanefndin fund með sér og var þá tekið fyrir að yfirfara og úrskurða umkvartanir sem komið höfðu til nefndarinnar yfir skatti þeim sem gjörður hafði verið á fyrir árið 1882 o.s.frv.

1) frá faktor J. Steffensen yfir skatti þeim sem lagður hafði verið á verzlun W. Fischers hér í bænum. Skattanefndin hafði reiknað skatt þennan af tekju-upphæð 15000 Kr. með 455 Kr.; kærandinn var mættur og gaf ýmsar upplýsingar viðvíkjandi hinum umræddu tekjum, sem höfðu verið áætlaðar af skattanefndinni, og fann nefndin ástæðu til þess eptir þessum skýrslum að lækka skatt nefndrar verzlunar þannig að hann verði reiknaður af tekju-upphæðinni 12000 Kr. ~~þannig~~ með 335 Kr. og tjáði kærandinn sig ánægðan með þá lækkun, enda þótt hann í kæruskjali hefði farið því fram að skatturinn að eins ætti að reiknast af tekju-upphæðinni 4000 K.

2.) bréf frá politiþjóni Jóni Bjarnasyni þar sem hann gefur skýrslu um að hann hafi varið 250 Kr. til að byggja sjávargarða uppi eign sinni Andrés-ey og fer þess á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að þessi upphæð sem nauðsynlegur kostnaður til viðhalds eignanna verði dregin frá tekjum þeim af eign við útreikning tekjuskattsins, en nefndin gat eigi fallizt á að taka þessa kröfu til greina af því að kostnaður þessi gjörði að skoðast sem kostnaður til jarðabóta, sem eykur verð eignarinnar.

Fleiri kröfur um niðursetningu eða kærur yfir sköttum sem nefndin hafði lagt á hafa ekki borizt nefndinni. Amtmaður Thorberg gat þess að við síðas skattalekju nefnd á ekk. að bæta 600 kr. sem hann við málssókn hefði unnið þar á og fengið útborgaða úr landsjóði.

Frekara ekki fyrir tekið; fundi slitið.

E. Th. Jónassen  Bergur Thorberg  Einar Þórðarson

Ár 1882 hinn 23. Oktober var skattanefndin í Reykjavík tilstaðar á þinghúsi bæjarins til þess þar og þá að taka á móti skattaframtali manna. Þegar nefndin hafði beðið í hálfan tíma án þess að nokkur kæmi á þingið var því slitið.

E. Th. Jónassen  G. Þórðarson

Ár 1882 hinn 10 nóvember átti skattanefndin fund með sér til þess að semja skrá yfir þá sem eiga að borga skatt til landsjóðs árið 1883. Var skrá þessi síðan undirskrifuð af hlutaðeigendum og formanni nefndarinnar falið að sjá um að skráin yrði birt hlut-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðeigendum á lögskipaðan hátt.

Ell. Jónassen   Bergur Thorberg   G. Þórðarson

Ár 1883 hinn 20. januar átti skattanefndin fund með sér til þess að ráða nokkrar kvartanir, er borizt höfðu henni yfir skattskrá þeirri, er lögð var fram fyrir árið 1883 a/o:

1. frá verzlunarstjóra W. Fischer yfir þeim skatti er þessari verzlun hafði verið gerður af tekjum að upphæð: 15000, en hann vildi hafa lækkað niður í 10,000 kr.

2. frá verzlunarstjóra M. Smiths yfir skatti þeim, er lagður var á Verzlun Smiths af tekjum að upphæð: 9000, er hann stingur uppá að setjist niður í 7000 Kr.

3 frá Rafni Sigurðssyni yfir því að lagður hafi verið skattur á móður hans Margrjeti Ólafsdóttur, undanþólt eign hennar sé pantsett fyrir 300 kr.

Skattanefndinni virtist að hún ekki hefði ástæðu til að taka hinar 2 fyrstnefndu umkvartanir til greina af þeirri ástæðu að þær ekki gefa nefndinni þær upplýsingar er hún gæti byggt á að þessar umkvartanir væri á nægilegum rökum byggðar, en hvað hinni þriðju umkvörtun áhrærir þá virðist hún byggð á misskilningi, enda vantar vottorð hlutaðeigandi yfirvalds fyrir því að nokkurt veðband hvíli á þessari eign og verður því umkvörtunin, eins og hún liggur fyrir, ekki tekin til greina.

Fundi slitið.

Ell. Jónassen   Bergur Thorberg   G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1883 hinn 12. Oktober var skattanefndin í Reykjavík viðstödd á þinghúsi bæjarins á hádegi til þess þá og þar að taka á móti skattaframtali manna.

Á þessum fundi mætti stúdent O Rosenkranz sem umboðsmaður forstöðumanns hlutafjelagsverzlunarinnar og skýrði hann frá að árið 1882 hafi tekjur af þessari verzlun verið 27 kr. 41 e.

Þá hafði Lector S. Melsted skriflega gefið upp tekjur sínar 1882 . 5548 krónur

Loks hafði kaupmaður W. Fischer með brjefi dags. 31. august 1883 talið fram sem tekjur af verzlun sinni árið 1882, er skatt skyld gjalda af, Kr. 1146.94. en skattanefndin álítur nauðsynlegt að útvega hjá factor W. Fischers nákvæmari upplýsingar þessu viðvíkjandi.

Eptir að nefndin hafði beðið tæpan klukkutíma var fundi slitið án þess fleiri en að ofan er greint gæfu sig fram. Guðmundur Þórðarson meðlimur skattanefndarinnar var fjærverandi.

Fundi slitið

E Th Jónasson Egilsson

Ár 1883 hinn 27. october var skattanefndin saman komin og var þá tekið fyrir að undirbúa skattaskrá og semja hana fyrir árið 1883, en sökum þess að skattanefndinni eigi vannst dagur til þess að ljúka við skrána var fundinum frestað til næstkomandi mánudags h. 29. þ. m. kl. 5 e. m.

Fundi slitið

E Th Jónasson Egilsson G Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1883 hinn 29. oktober átti skattanefndin fund með
sér og var þá haldið áfram að semja skattaskrána
fyrir árið 1883 og lokið við hana.

Kaupmaður W. Fischer hafði sent nefndinni skýrslu
sína með fylgiskjölum yfir tekjur sínar árið 1882, en
með því þessi skýrsla var ónákvæm (þar sem hvorki í
henni eru nefndar vörubyrgðar frá f. á. né taldar út-
standandi skuldir sem hafa borgast á árinu 1882 inn
til verzlunarinnar× með 4 síðustu gufuskipsferðunum
árið 1882 og verzluninni einnig eptir 15. sept. f. á. hafa
borist vörur með að minnsti kosti einu öðru skipi, álítur
nefndin að hún eigi eptir þessari skýrslu geti ákveðið
þær tekjur, er reikna skal af tekjuskatt þann, sem
kaupmanni W. Fischer ber að gjalda 1883 af verzlun
sinni hér. Nefndin verður því að ákveða skatt verzlun-
arinnar eptir því sem henni finnst sanni og réttu næst
bæði eptir því sem henni er kunnugt um verzlun
Fischers nefnt ár og í samanburði við skatt þann,
sem aðrar verzlanir hér í bænum, er álíta má að sé á
borð við Fischers verzlun, borga. Metur nefndin því
tekjur af verzluninni Kr. 33,000 brutto ÷ 25000 krón
(kostnaður) = 8000 krón. netto og verður tekjuskattur
af því 175 Krónur.

× og þar sem hún ekki nær heldur yfir tímabilið frá 1. janúar
til 15. sept. 1882 en flutzt hafa vörur til verzlunarinnar

Fleira eigi; slitið fund.

E. Th. Jónassen

Egilsson G. Þórðarson

Ár 1884 hinn 18. júní var fundur haldinn af skatta-
nefnd Reykjavíkur til þess að taka til umræðu og íhugunar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kom frá yfirpresident Hilmar Finsen í Kaupmannahöfn, er Landshöfðinginn yfir Ísland hefir sent bæjarfógeta með bréfi dags. 26. Marts þ. á. með tveimur fylgiskjölum, áhrærandi tekjuskatt þann, sem skattanefndin hafði gert nefndum yfirpresident (áður Landshöfðingja á Íslandi) að borga á manntalsþingi árið 1883.

Eptir að nefndin hafði yfirfarið nefnd skjöl og íhugað málið komst hún að þeirri niðurstöðu að samkvæmt lögum 14. Dec. 1877 §10 væri þessi skattur rétt krafinn af nefndum yfirpresident þareð skattanefndin hefði miðað skattinn við tekjur yfirpresidentsins árið 1881, þegar hann hér var landshöfðingi, og álítur nefndin að það sé eigi lögheimilað, eins og yfirpresidentinn fór fram á í nefndri kæru sinni, að miða skattinn við þær tekjur hann hefir haft sem íslenzkur embættismaður 1883 er það hið sama ár og skatturinn á að gjaldast á manntalsþingi. Þessi skilningur nefndarinnar er líka með öllu samkvæmur reglugjörð Landshöfðingjans yfir Ísland 15. Mai 1878 við 10. grein.

Að síðustu er það að auki þess að geta að þessi kæra yfirpresidents Finsens yfir skattgjaldi hans er allt of seint upp borin, því þótt hann haustið 1882, er skattaskráin var fram lögð bæjarbúum til sýnis, væri erlendis um stundarsakir frá embætti sínu, þá var hann eins og hver annar gjaldþegn skyldugur til að láta einhvern fyrir sína hönd athuga skattaskrána, ef svo skyldi vera að hann þyrfti að kvarta undan þeim skatti er á hann væri jafnað síðar meir.

Fleira eigi gert. Fundi slitið

E. Egilsson E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1884 hinn 14. oktober var skattanefndin í Reykjavík til staðar á þinghúsi bæjarins til þess þar og þá eptir undangenginni auglýsingu að taka á móti skýrslum bæjarbúa um skatt þann, er þeim ber að greiða á manntalsþingi 1885 eptir lögum 14. Dec. 1877.

Þessi mann höfðu sent skriflega skýrslu:

1. Lektor S. Melsted, er telur ~~skattsk~~ tekjur sínar 5672 kr.

2. Húsmiður Jakob Sveinsson sem virðir tekjur sínar netto = 800 kr.

Á þinginu mætti enginn. Bæjarfógetinn taldi þannig fram: Tekjur af atvinnu 6250 ÷ 2225 = 4025 og af eign 80 Krón.

Fleira eigi gjört.

Fundi slitið.

Egilsson
E. Th. Jónassen G. Þórðarson

Ár 1884 hinn 29. Oktober átti skattanefndin fund með sér og var þá fyrirtekið að undirbúa skattaskrána fyrir árið 1885 og ákveðið að halda því áfram á morgun.

Fundi slitið

E. Th. Jónassen G. Þórðarson
Egilsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á 1884 hinn 30. Oktober var skattanefndin í Reykjavík samankomin og var þá ekkert fyrir að halda áfram að semja skattaskrána fyrir 1885 og henni lokið.

E. Th. Jónassen  Gr. Þórðarson

Á 1885 h. 9. janúar átti fund með sér skattanefnd Reykjavíkur. Fundarefni var:

1. Bréf til skattanefndarinnar frá Jóni Pjeturssyni justitiario dags. 24. nóv. f.á. þarsem hann fer því fram að frá tekjum hans (á skattaskrá fyrir 1885) af eign sinni dreginn 1/6 partur og frá tekjunum af atvinnu (á skattaskrá s.á.) 400 k. sem sé þinglesin skuld hans til landssjóðs.

En með því skattanefndin hefir talið tekjur hæstaréttardómarans hinar sömu á skattaskrá 1885 og þau næstundanfarin ár eptir skýrslu er nefndin á sínum tíma meðtók frá justitiario og með því enn fremur nefndinni er ekki er kunnugt af nefndu bréfi hvaða 1/6 partur það er, sem justitiarius vill láta draga frá tekjum sínum af eign, og þar nefndin álítur sér einnig óheimilt eptir lögunum að draga 400 kr. frá tekjum justitiarii af atvinnu, eins og þær í skattaskránni eru settar, þótt þetta sé þinglesin skuld til landssjóðs, þá getur nefndin eigi orðið við tilmælum justitiarii í nefndu bréfi hans að því er snertir lækkun á tekju- og atvinnuskatti hans, eins og hann er settur í skattaskránni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1885.

(dags. 22. Dec. f. á.)

2. Bréf frá faktor Guðbrandi Finnbogasyni þar sem hann eptir boði húsbónda síns W. Fischer tjáir skattanefndinni að tekjur hans af atvinnu 1883 hafi verið 12000 krónur og biður því um að tekjuskattur Fischers af atvinnu fyrir árið 1885 verði reiknaður eptir þessari upphæð.

Skattanefndin fann ástæðu til að taka þessa beiðni W. Fischers til greina.

Frekar eigi fyrirtekið

Fundi sagt slitið.

E.Th. Jónassen G. Þórðarson

Ár 1885 h. 28. Okt. átti skattanefnd Reykjavíkur fund með sér og var þá tekið fyrir að semja skrá yfir þá, er tekjuskatt eiga að greiða á manntalsþinginu árið 1886. Að eins 2 gjaldendur höfðu sjálfir skýrt frá tekjum sínum nfl. P. C. Knudtzon & Søns verzlun og bæjarfógeti E. Th. Jónassen.

Frekara eigi fyrirtekið.

Fundi sagt slitið

E.Th. Jónassen

Eiríkur Briem. G. Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1908 þ. 23. desember átti skattanefnd Reykjavíkur fund með sjer til þess að úrskurða kærur þær, er komið höfðu yfir skattskránni, er legið hafði almenningi til sýnis hinn lögskipaða tíma eða dagana frá 1-14. f. m.. Fundinum stýrði formaður nefndarinnar, borgarstjóri Páll Einarsson og voru báðir hinir nefndarmennirnir, þeir háyfirdómari Kristján Jónsson og bankagjaldkeri Halldór Jónsson á fundinum. Eptirgreindir menn höfðu kært og fjellu úrskurðir sem hjer á eptir segir:

1. Emil Schou bankastjóri. Skattanefndin hafði áætlað atvinnutekjur hans 13000 kr. og gjört honum að greiða 375 kr. í skatt. Í brjefi sínu skýrir hann frá, að atvinnutekjur sínar árið 1907 hafi verið kr. 10428.57. Skattanefndin tekur framtal þetta að öllu leyti til greina, og úrskurðaði, að leiðrjetta beri skattskrána, þannig að skattskyldar atvinnutekjur hans teljast 10400 kr. og skattur þar af 271 kr.

2. Klemens Jónsson, landritari. Honum hafði verið gjört að greiða eignaskatt af 50 kr. tekjum. Í brjefi sínu upplýsir hann, að hann árið 1905 hafi selt jörð þá, sem þessar tekjur eru taldar af. Það ber því að afmá eignaskatt hans af skránni.

3. Þorvaldur Björnsson, Bjarnaborg. Honum höfðu verið gjörðar 1000 króna skattskyldar tekjur af eignum sínum. Með kærunni sendi hann vottorð hlutaðeigandi banka um það, að á eignunum hvíli þinglesnar veðskuldir svo miklar, að ætla má, að vextir þeirra nemi jafnmiklu og hinar áætluðu tekjur af þeim.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skattanefndin ákvað því að til frádráttar samkvæmt 1. gr. laganna skyldi koma upphæð jafnmikil hinum áætluðu tekjum og hann nemaði í tölu skattskyldra gjaldþegna á skránni.

4. Halldór Þórðarson bókbindari. Nefndin hafði gjört honum að greiða skatt af 1500 kr. atvinnutekjum, en í kæru sinni og á fundinum upplýsti hann að þær hefðu aðeins numið 1050 kr. Nefndin ákvað því að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því og verður þá atvinnuskattur hans 1 kr.

5. Bjef Magnúsar Stephensen frá Viðey, er nefndinni hafði borist, þótti ekki gefa tilefni til að breyta skattskyldum tekjum þeim, er honum hafði verið gjört að greiða af.

6. Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri. Skattanefndin hafði áætlað skattskyldar atvinnutekjur hans 5900 kr. – Í kæru sinni telur hann fram atvinnutekjur sínar 1907 sem hjer segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1, Tekjur af Snæfellsnes Hnappadalssýslu | kr. | 3500.00 |
| 2, Námsstyrkur | " | 2500.00 |
| 3, Bankaráðslaun | " | 1400.00 |
| 4, Þingsetukaup | " | 456.00 |
| 5, Amtsráðsforstalaun | " | 300.00 |
| Samtals – | kr. | 8157.00 |

og frá þessari upphæð telur hann samkvæmt 7. gr tekjuskattslaganna:

| | | |
|---|---|---|
| 1, reksturskostnað sýslumannsembættisins | kr 2500.00 | |
| 2, Kostnað út af amtsráðsforstastörfum | " 200.00 | 2700.00 |
| Verða þá eptir | kr. | 5457.00 |

Þetta framtal tekur skattanefndin í einu sem öllu gilt. –

En frá hinni síðastnefndu upphæð vill kærandinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undirfrennu draga:
þingsetukaupið kr. 456.00
og námsstyrkinn " 2500.00.
þar sem hvorug þessi tekjugrein að hans áliti sje skattskyld. En til vara krefst hann, að frá námsstyrknum verði dreginn ferðakostnaður og eyðslueyrir hans í útlöndum 4 mánuði af árinu 1907, er hann telur hvorutveggja hafa verið 1900 kr.

Skattanefndin álítur hinsvegar að báðar þessar tekjugreinir, þingsetukaupið og námsstyrkurinn, sjeu skattskyldar tekjugreinir, en þar sem það er upplýst í kærunni, að kærandi hafi verið 4 mánuði erlendis til þess að notfæra sjer námsstyrkinn, þykir henni rjett að draga frá honum ferðakostnað og annan aukakostnað við 4. mánaða veru erlendis, en þann kostnað hvorutveggja álítur hún hæfilega ákveðinn 1000 kr.

Er það því úrskurður nefndarinnar að skattskyldar tekjur kæranda skuli teljast 4450 kr. og verður skattur af þeirri upphæð 56 kr. 25 a.. Ber að leiðrjetta skattskrána samkvæmt þessu.

7. Nefndin athugaði að fyrverandi sýslumaður Skúli Thoroddsen hefði flutt á þessu hausti til bæjarins og taldi rjett að telja honum til tekna á skattskrá kaupstaðarins eptirlaun hans og þingsetukaup. Verður honum því bætt inn á tekjuskattsskrána með 1900 kr. atvinnutekjum, og er skattur þar af 9 kr.

8. Einn af kærendunum hafði bent nefndinni á, að gleymst hefur að telja þingsetukaupið með atvinnutekjum Tryggva bankastjóra Gunnarssonar og professors B. M. Olsen. Þetta ber að leiðrjetta og hækka því atvinnutekjur þeirra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvor um sig um 400 kr. og skatturinn sem því svarar.

9. Að gefnu tilefni þykir skattanefndinni einnig rjett að taka á skattskrána prófessor Þorvald Thoroddsen, sem dvelur erlendis og hefur 2000 kr. laun úr landssjóði. Skatturinn af þessari upphæð verður 10 krónur. –

10. Ennfremur höfðu kærur yfir á álögðum skatti komið frá þessum þremur skattþegnum: Fjelagsprentsmiðjunni, Jóni Magnússyni frá Bráðræði og kaupmanni Sigfúsi H. Bjarnasyni. Var frestað að úrskurða um kærur þessar og formanni falið að ganga eftir ýtarlegri skýrslum frá tveimur hinum síðastnefndu.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundi slitið.

Páll Einarsson
Halldór Jónsson
Kristján Jónsson

Ár 1908 þ. 30. Desbr. átti skattanefndin enn fund með sjer til þess að úrskurða um kærur þær, er frestað var að úrskurða um 23. þ.m.. Fjellu úrskurðirnir þannig:

1. Jón Magnússon frá Bráðræði hafði sent nefndinni skýrslu um, að hann árið 1905 hefði selt fasteignir þær, er skatturinn hafði verið talinn af. Ákvað því nefndin að nema hann burt af skattskránni. –
2. Kaupmaður S. H. Bjarnason taldi fram, að eignartekjur sínar árið 1907 hefðu verið 649 kr. og tók nefndin það framtal til greina og ákvað að breyta skattskránni samkvæmt því, þannig að skatturinn verður 25 krónur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Fjelagsprentsmiðjureikningarnir fyrir árið 1907 voru lagðir fram og athugaðir af nefndinni og samkvæmt þeim áleizt prentsmiðjan að hafa haft 1468 króna tekjur á árinu. Var því skatturinn ákveðinn kr. 4.50 og ber að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því.

Fundi slitið. —

Kristinn [illegible] — Páll Einarsson

Halldór Jónsson

Ár 1909 þ. 30. nóv. átti skattanefnd Reykjavíkur fund með sjer til þess að úrskurða kærur þær, er komið höfðu yfir skattskránni, er legið hafði almenningi til sýnis (frá) hinn lögskipaða tíma eða dagana frá 1.-14. þ. m. Allir nefndarmennirnir á fundi. Eptirgreindir menn höfðu kært og fjellu úrskurðir sem hjer á eptir segir:

1, Ásgeir Sigurðsson kaupmaður. Nefndin hafði gjört honum 10.000 kr. í atvinnutekjur, en í brjefi sínu skýrir hann frá, að atvinnutekjur sínar hafi árið 1908 verið 5000 kr. Skattanefndin tekur framtal þetta til greina og úrskurðaði að skatturinn skyldi samkvæmt því færa niður úr 255 kr. í 70 kr. —

2, Geo. Copland, kaupmaður. Nefndin hafði áætlað tekjur hans árið 1908 18000 krónur

og reiknað skattinn samkvæmt því; en í kæru sinni upplýsir hann, að tekjurnar hafi ekki farið fram úr 4000 kr. Nefndin tók framtal þetta gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána þannig að skatturinn verði 45 krónur. —

3, G. S. S. Brydes-verslun skýrir frá því í kæru sinni, að tap verzlunarinnar árið 1908 hafi verið rúmar 40 þús. kr., og krefst að atvinnuskatturinn verði færður niður að miklum mun. Nefndin úrskurðaði, að atvinnuskattur verzlunarinnar skyldi falla alveg burt. —

4, H. P. Duusverslun tilkynnir í kæru sinni að hún hafi haft tap en ekki ágóða árið 1908. Nefndin tók skýrslu þessa til greina og ákvað að skatturinn skyldi falla niður. —

5, Verslunin „Edinborg" skýrir einnig frá, að tap en ekki ágóði hafi orðið árið 1908, og ákvað einnig nefndin að afmá skattinn af skattskránni.

6. Teitur Þorkelsson úrsmiður telur fram í kæru sinni, að atvinnutekjur sínar hafi árið 1908 verið 1100 krónur brutto og í verkstæði og verkfæri hafi farið allt að 200 kr. — Nefndin tók framtalið gilt og ákvað að nema hann burt af skránni. —

7. Jóhannes kennari Sigfússon upplýsir það í kæru sinni, að frá þeim eignar-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tekjum, sem nefndin hafði gjört honum beri að draga vexti af þinglesinni veð-skuld, er á jörðunni hvíli, kr. 13.50, og verða þá eignartekjur hans ekki skatt-skyldar, og ennfremur að atvinnutekjur hans árið 1908 hafi ekki farið fram úr 2200 kr. – Nefndin tók framtal hans í alla staði gilt og ákvað að nema eignar-skatt hans burt af skránni og færa atvinnuskatt hans niður úr 16 kr. í 13 kr. –

8. L. Kaaber kaupmaður telur fram að atvinnu-tekjur sínar 1908 hafi verið 3300 kr. í stað þess að nefndin hafði áætlað þær 5560 kr. Ákvað nefndin að leiðrjetta skattskrána samkvæmt framtali hans og færa skattinn niður í 31 kr. –

9. Frú Kristjana Hafstein telur atvinnu-tekjur sínar hafa verið 2269 kr. 16 a. Nefndin tók framtalið gilt og ákvað að leiðrjetta skrána samkvæmt því og færa skattinn niður í 13 kr. 75 a.

10. Lárus Benediktsson emeritprestur hefur sent nefndinni skýrslu um eignartekjur sínar 1908, og hafa þær samkvæmt fram-talinu verið 2200 kr. Þar frá telur hann vexti af þinglesnum skuldum 250 krónur og umboðskostnað og dómgjald 180 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framtal þetta tekur nefndin gilt, en synjaði hinsvegar um að láta umfram draga frá tekjunum skatt og offur, er kærandi einnig vill fá dregið frá hinum skattskyldu tekjum. Ákvað því skattanefndin að eignatekjur hans skyldu teljast 2200 kr. og þar frá skyldi draga 430 kr. Verða þannig skattskyldar tekjur hans 1740 kr. og skattur þar af 40 kr.

11, Magnús Th. Blöndahl alþingismaður. Nefndin hafði gjört honum 4000 kr. árstekjur, en í kæru sinni telur hann þær hafa verið 3000 kr. Þetta framtal hans tekur nefndin gilt og ber að leiðrjetta skrána samkvæmt því. Verður skatturinn 25 kr.–

12. Magnús Sigurðsson, málfærslumaður telur fram í kæru sinni, að atvinnutekjur sínar hafi verið 1908 3000 krónur, en kostnaðurinn við rekstur hennar 500 kr., en nefndin hafði gjört honum 3500 kr. tekjur án frádráttar. Framtal hans tekur nefndin gilt og leiðrjettir skrána samkvæmt því, þannig að skatturinn verður kr. 17.50.

13. Kæra verslunarstjóra N. B. Nielsen er að áliti nefndarinnar byggð á misskilningi. Tekjur hans hafa verið

áætlaðar nákvæmlega eins og hann telur fram og skatturinn rjett útreiknaður. Skattskráin standi því óbreytt að því, er hann snertir.—

14. Skattanefndin hafði gjört kaupmanni Th. Thorsteinsson að greiða skatt af 20.000 kr., en í kæru sinni telur hann nettótekjur sínar árið 1908 hafi verið 9200 kr. — Nefndin telur framtalið gilt og leiðrjettir skrána samkvæmt því.—

15. Ennfremur hafði kæra komið frá þessum:
„Biograftheater Reykjavíkur"
Halldóri Þórðarsyni, bókbindara
Sláturfjelagi Suðurlands og
Þórði lækni Sveinssyni,
en frestað var að úrskurða um þær, þar til fengnar væru ítarlegri upplýsingar og var formanni falið nefndarinnar að ganga eptir þeim.—

Fundi slitið

Páll Einarsson
Kristján Jónsson. Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1909 þ. 29. des. átti skattanefndin fund
með sjer á skrifstofu borgarstjóra. Allir
nefndarmenn voru á fundi. ~~Gjörðist~~
Var þá tekið fyrir að úrskurða kærur
þær, er frestað var að úrskurða um
á fundinum 30. f. m. Fjellu úrskurð-
irnir á þessa leið:

1. Þórður Sveinsson, læknir á Kleppi. Nefndin
hafði gjört honum 3500 kr. árstekjur,
en hann hefur í kæru sinni gefið upp
að þær hafi verið 3000 kr. Eptir að
nýjar upplýsingar voru fengnar,
ákvað nefndin að taka framtalið
gilt, og verður tekjuskattur hans
samkv. því, 25 krónur. –

2. Biografteater Reykjavíkur. Gjaldkeri
þess hefur með ítarlegri skýrslu fært
rök fyrir því að ágóði fjelagsins árið
1908 hafi ekki verið meiri en 1642 kr. 79 a.
og úrskurðaði nefndin að leiðrjetta
skattskrána samkv. því og verður ~~því~~
skatturinn því 6 krónur. –

3. Halldór Þórðarson, bókb. – Nefndin hafði
gjört honum eignaskatt af 550 króna
eignatekjum, en hann hefur skýrt
svo frá, að tekjurnar hafi árið 1908
verið aðeins 450 krónur. Ber að lag-
færa skattinn samkv. því og telja
skattinn 18 krónur. –

4. Sláturfjelag Suðurlands krefst þess, að
skattur þess verði felldur burt. Telur
fjelagið sig ekki skattskylt vegna
þess, að fjelagið sje ekki verslunar–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjelag, heldur sameignarstofnun bænda til þess að koma afurðum heimila þeirra í sem hæst verð. Fyrir nefndinni var það þó upplýst, að fjelagið hefði árið 1908 haft tvær söludeildir og hefði arður af þeim numið 1764 kr. 24 a. Af þessari upphæð ber að sjálfsögðu að greiða tekjuskatt, en undir dómstólana heyrir það að úrskurða um, hvort starfsemi fjelagsins sje að öðru leyti skattskyld. Nefndinni þykir því ekki ástæða til að breyta skattskránni að þessu leyti, og úrskurðaði að skattupphæðin skyldi standa óbreytt.—

Fleira gjörðist ekki

Fundi slitið

Páll Einarsson

Halldór Briem   Kristinn Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 28. nóv. og 29. nóv. kom skatta-
nefndin saman á fund á skrifstofu borg-
arstjóra. Allir nefndarmennirnir á fundi.
Var þá tekið fyrir að úrskurða um kærur
þær, er komið hafa fram yfir tekjuskatts-
skránni, og fjellu úrskurðirnir á þessa
leið:

1°

Ágúst Bjarnason, heimspekingur. Nefndin
hafði áætlað árstekjur hans 1909, 2400 krónur,
en hann telur þær í kæruskjali sínu
hafa verið 1912 krónur 49 a., en getur þess
jafnframt, að hann hafi fengið útborg-
aðan í desember 1908 styrk þann, er hon-
um var veittur á fjárlögunum fyrir
1908 og 1909 til að gefa út heimspeki-
lega fyrirlestra. Nefndin hafði talið
helminginn af styrk þessum eða 600 kr.
með í hinum áætluðu árstekjum hans
árið 1909, og telur það ~~vera~~ rjett vera, enda
var honum á síðustu skattskrá að-
eins gjört að greiða skatt af helmingi
styrksins. Ákvað því nefndin að skatt-
skráin skyldi óbreytt vera að því er
hann snerti. –

2°

Borgþór Jósepsson, bæjargjaldkeri. Nefndin
hafði áætlað tekjur hans 2500 kr., án
frádráttar. Hann skýrir frá því, að
brúttótekjur hans hafi verið 2650 kr., en skrif-
stofukostnaður 624 kr. 50 a., er dragast eiga
frá, þannig að skattskyldar tekjur hans hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið 2025 kr. 50 a. – Nefndin telur þetta framtal hans gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. –

3º

+ Brynjólfur H. Bjarnason, kaupmaður. – Honum hafði verið gjört að greiða skatt af 5000 kr. nettótekjum. Í kæruskjali sínu telur hann brúttótekjur sínar hafa verið 9179 kr. 34 a., rekstururskostnað 4779 kr. 37 a. og nettótekjur 4399 kr. 97 a. – Nefndin telur framtal þetta gilt og úrskurðaði, að leiðrjetta skyldi tekjuskattsskrána samkvæmt því. –

br. 8/12

4º

+ Björn, bankastjóri, Kristjánsson og Jón Björnsson, kaupmaður. – Nefndin hafði áætlað hreinar tekjur af verslun þeirra 7000 kr. og gjört Birni Kristjánssyni að greiða tekjuskatt af allri þeirri upphæð, en talið Jón Björnsson launaðan starfsmann verslunarinnar. Yfir þessu er kært og skýrt frá, að ágóði verslunarinnar 7000 kr. eigi að skiptast jafnt milli kærendanna. Þessar upplýsingar telur nefndin gildar og verða þá skattskyldar tekjur Jóns Björnssonar 3500 kr. Tekjur Björns Kristjánssonar af versluninni 3500 kr., en auk þess hefur hann árið 1909 haft c. 500 króna laun, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landaslfóri og sem alþingismaður tækjur 500 kr. og verða þá skattskyldar tekjur hans taldar 4500 krónur. Ber að leiðrjetta skattskrána samkvæmt þessu.

Jafnan stað hæris Björn landsstjóri Kristjánsson yfir því (því) að honum hefur á skattskránni verið gjört að greiða skatt af eignartekjum. Þessar eignartekjur eru taldar af eignarjörðum hans, Hofi og Jörfa á Kjalarnesi og þar sem þess eigi er getið í kærunni, að þinglesnar veðskuldir hvíli á eignum þessum, taldi skattanefndin sjer ekki heimilt, að fella þær tekjur burtu, og úrskurðaði að skattskráin skyldi vera óbreytt að þessu leyti. –

5°

Halldór Briem, aðstoðarbókavörður skýrir frá því, að tekjur sínar árið 1909 ~~og~~ hafi verið 2440 kr., í stað þess, að skattanefndin hafði áætlað þær 2500 krónur. Skattanefndin tekur framtal kæranda gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. –

6°

Hannes Hafstein, landsstjóri. Honum hafði nefndin gjört að greiða atvinnuskatt af 9300 kr., en hann hefur krafist niðurfærslu og sent sundurliðaða skýrslu um atvinnutekjur sínar 1909, er alls nám-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8572 kr. 70 a., og að viðbættu þingsetu-
kaupi hans 498 kr, sem einnig eiga
að teljast sem skattskyldar atvinnu-
tekjur, verða tekjur hans eptir fram-
talinu samtals 9070 kr. 70 a. Nefndin
telur framtal þetta gilt og úrskurð-
aði að leiðrjetta skyldi skattskrána
samkvæmt því. –

7°

Jón Reykdal, málari, hefur í kæru-
skjali sínu upplýst, að hann mikinn
hluta ársins hafi verið veikur og
því ekki haft svo miklar tekjur, að
skattskyldar sjeu, og áleit því
nefndin að hann skyldi nema burt
af skránni. –

8°

Thorvald Krabbe, verkfræðingur, krefst
þess, að frá atvinnutekjum hans árið
1909 verði dreginn skrifstofukostnaður
það ár, er hann telur hafa verið 500 kr.,
200 krónum meira en næsta ár áður. –
Nefndin álítur ekki heimilt að draga frá
atvinnutekjum hans neinn skrifstofu-
kostnað nema það, er hann hefur borgað
fyrir aðstoð, og áætlast það árið 1909 aðeins
200 kr. – Var því úrskurðað, að þá upphæð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skyldi draga frá hinum áætluðu skatt-
skyldu tekjum kæranda og leiðrjetta
skattskrána samkvæmt því. –

9º

Kristján Jónsson, hæstiréttardómari, hefur
sent nefndinni sundurliðaða skýrslu
yfir tekjur sínar 1909, og beiðst leið-
rjettingar á skattskránni. Samkvæmt
framtali hans hafa skattskyldar tekjur
hans verið 6256 kr. 66 a., en nefndin
hafði áætlað þær 6400 kr. – Nefndin
tekur framtalið gilt og úrskurðaði
að leiðrjetta skattskrána samkvæmt
því. –

10º

Lárus Benediktsson, emeritprestur
kærir það, að skatturinn sje of hátt settur
um 10 krónur, en kæra hans inniheldur
ekki þær upplýsingar, er hægt sje að
byggja á niðurfærslu, enda álítur
nefndin hina skattskyldu tekjuupp-
hæð ekki of hátt setta og úrskurðaði
því, að skráin skyldi óbreytt standa
að því hann snertir. –

11º

Lárus H. Bjarnason, lagaskólastjóri
skýrir frá, að atvinnutekjur sínar árið
1909 hafi verið 6263 kr. 30 a., í stað þess,
að nefndin hafði áætlað þær 6300 krónur.
Í annan stað krefst hann, að dregnar
verði frá tekjunum: þingsetukaup 498 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útsvar og aðrar kvaðir, 275 kr., eða
samtals 773 kr. – Nefndin tekur fram-
tal hans á brúttótekjunum gilt, en álítur
ekki heimilt að draga frá hinum skatt-
skyldu tekjum hans þingsetukaupið
eða útsvar hans og skatta. Var því
úrskurðað, að skattskyldar tekjur hans
skyldu teljast 6250 kr., og leiðrjetta
útreikninginn ~~sa~~ á skránni sam-
kvæmt því. –

12º

Oddur Gíslason, yfirrjettarmálaflutn-
ingsmaður. Samkvæmt tilkynningu frá
skattanefndinni í Saurbæjarhreppi
hafði nefndin gjört honum að greiða
skatt af 600 króna eignatekjum, sem er
afgjald af Akureyjum, en hann hefur
í kæru sinni skýrt frá, að frá þeirri
upphæð eigi að draga dúnggjald 12 kr.,
og vexti af 4900 kr. veðskuld, er álítast
vera 245 kr., og ennfremur að honum
beri aðeins að greiða of helming af tekjunum,
sem eftir verða. Nefndin tekur þetta fram-
tal gilt og ákvað að skattskyldar tekjur
hans af nefndri eign skyldu teljast:
kr. 600 ÷ 257 = 343 : 2 = 171.50, og breyta skatts-
upphæðinni samkvæmt því. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13°

Carl Olsen, verzlunarstjóri kærir yfir því, að tekjur sínar hjer aftaldar um 1000 krónur; þar hafi verið 2000 kr., í stað þess, að nefndin hafði áætlað þær 3000 kr. – Nefndin tekur framtalið gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. –

14°

Sláturfjelag Suðurlands – krefst þess, að fá skattetekjur sínar leiðrjettar þannig, að aðeins verði talið skattskylt ágóðinn af sölvdeildinni, kr. 737.82 og upphæðin, er lögð var í varasjóð, kr. 2476.89. Að öðru leyti telur fjelagið sig ekki vera skattskylt, þar sem það sje sameignarstofnun bænda til þess að koma afurðum heimila þeirra í sem hæst verð. Það heyrir undir úrslit dómstólanna, að útkljá um, hvort starfsemi fjelagsins auk rekstur sölvdeildarinnar sje skattskyld. Var því úrskurðað, að skattskráin skyldi óbreytt standa að þessu leyti. –

15°

Eyjólfur Þorkelsson, úrsmiður hefur skýrt nefndinni frá, að atvinnutekjur sínar árið 1909 hafi verið 780 kr. og krafist að hann verði felldur burt af skránni. Nefndin tekur kröfuna til greina. –

16°

Nefndin ákvað að strika Jón Jónsson, skipstjóra frá Miðhúsum út af skránni, þar sem hann er dáinn og hafði engar atvinnutekjur hafði árið 1909

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17º

Guðlaugur Þorfason, trjesmiður, skýrir frá, að atvinnutekjur sínar 1909 hafi ekki numið skattskyldri upphæð. – Nefndinni þykir ekki næg ástæða til að vefengja þetta og ákvað að skrifa hann út af skránni. –

18º

Frestað samkvæmt ósk, að taka ákvörðun um kærur frá „Biografisk Theater“ og D. D. P. A. sökum þess, að þeir er þar áttu hlut að máli voru fjærverandi og forfallaðir frá að mæta, til að gefa upplýsingar þær, er nefndinni þótti við þurfa til þess að kveða upp úrskurðina. –

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Halldór Jónsson. Kl. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1910 þ. 29. des. kl. 9 e. h. átti skatta-
nefndin fund með sjer á skrifstofu
borgarstjóra, til þess að úrskurða um
kærur þær, er samkvæmt ósk hlut-
aðeigenda var frestað að úrskurða
29. f.m. - Allir nefndarmennirnir á
fundi. Fjellu úrskurðirnir á þessa
leið:

1. Det Danske Petroleums Aktieselskab.
Mættur var á fundinum samkvæmt
aðvörun skattanefndarinnar for-
stöðumaður fjelagsins hjer á landi,
herra Debell og gaf hann nefndinni
skriflegar og munnlegar upplýs-
ingar. Að fengnum þeim upplýs-
ingum var það með meiri hluta at-
kvæða úrskurðað, að skattskráin
skyldi, að því, er fjelagið snertir, breyta
þannig, að frádráttur frá hinum áætl-
uðu brúttótekjum skyldi teljast 30.000
kr. og skattskyldar tekjur fjelagsins
því 40.000 krónur í stað þess að á
skattskránni voru þær taldar 50.000 kr.

2. Biograftheater Reykjavíkur. Gjaldkeri
leikhússins, Sveinn Hallgrímsson, banka-
gjaldkeri, var mættur á fundinum
og lagði fram reikningsyfirlit fyrir
árið 1909. Að því athuguðu og að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fengnum upplýsingum frá honum úrskurðaði nefndin með meiri hluta atkvæða, að skattskránni, að því er leikhúsið snertir, skyldi breyta þannig, að brúttótekjur skyldu teljast 15000 kr., frádráttur 13000 kr., og skattskyldar tekjur 2000 kr. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið. –

Páll Einarsson
Halldór Daníelsson Kl. Jónsson

Ár 1911 þ. 29. nóv. kom skattanefndin saman á fund til þess að úrskurða um kærur þær er nefndinni hafði borist yfir tekjuskattsskránni. Allir nefndarmennirnir voru á fundinum og fjellu úrskurðirnir á þessa leið.

1°

Fiskiveiðahlutafjelagið „Ísland“ hefur krafist að verða numið burt af skránni af því það ekki telur sig vera skylt að greiða tekjuskatt. Þar sem álíta má að fengnum upplýsingum að fjelagið ekki reki aðra atvinnu en fiskiveiðar á botnvörpuskipum, en tekjur af þeim ekki skattskyldar til tekju-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skatts, tók skattanefndin kröfu þessa til greina og ákvað að nema fjelagið burt af skránni. –

2°

Af sömu ástæðu var og ákveðið að nema burt af skránni fiskiveiðafjelagið „Alliance“ er ekki rekur aðra atvinnu en fiskiveiðar á botnvörpuskipi. Hafði skattanefndinni einnig borist krafa frá þessu fjelagi um að það yrði gjört. –

3°

Þá ákvað og skattanefndin, að strika fiskiveiðafjelagið „Fram“ út af skránni, en það fjelag hefur ekki rekið aðra atvinnu en fiskiveiðar á botnvörpuskipi –

4°

Enn úrskurðaði nefndin að fjelagið „Sjálfsbjörg“ skyldi falla burt af skránni, þar sem einnig það fjelag hefur ekki árið 1910 haft tekjur af öðrum atvinnugreinum en fiskiveiðum á þilskipum. –

5°

Árni Nikulásson rakari krefst þess, að verða strykaður út af skránni, þar sem atvinnutekjur hans hafi ekki verið meiri en 800 kr. árið 1910, en nefndin hafði áætlað tekjur hans 1500 kr. Nefndin tekur þetta framtal hans gilt og úrskurðaði að nema skyldi hann burt af skránni. –

6°

Nefndin hafði áætlað atvinnutekjur Holgers Debell árið 1910 5000 kr. og gjört

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum að greiða skatt af þeirri upphæð. Í brjefi, dagś. 11. þ.m. skýrir hann nefndinni frá því, að tekjurnar sjeu rjett áætlaðar, en krefst þess, að skatturinn verði færður niður um 3/4 af þeirri ástæðu, að hann hafi ekki verið búsettur hjer á landi nema frá 4. okt. 1910, og erlendis greitt skatt af 3/4 af árstekjum sínum það ár. Nefndin álítur að skatt eigi að greiða hjer eins af þeim tekjum, sem gjaldþegninn hefur haft í útlöndum, meðan hann var þar búsettur; og ákvað því að skattskráin skyldi óbreytt vera að því er hann snertir. –

7° ×

Guðmundur Björnsson landlæknir kærir það, að skattanefndin hefur áætlað tekjur hans 1910 8500 kr., og skýrir jafnframt frá, að þær hafi ekki það ár farið fram úr 7000 kr. – Nefndin tekur þessa skýrslu kærandans gilda og ákvað að breyta skattskránni þannig að tekjur hans skyldu taldar 7000 kr., frádráttur 500 kr. og skattskyldar tekjur 6500 kr. –

8° ×

Skattskyldar atvinnutekjur Halldórs bókbindara Þórðarsonar höfðu verið áætlaðar af nefndinni 1800 kr. – Nú hefur hann í kæru sinni talið svo fram, að þær árið 1910 hafi numið ekki meiru en þriðjungi af þeirri upphæð, eða hafi verið svo litlar, að þær ekki sjeu skattskyldar. Nefndin tekur þetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

framtal gilt og ákvað að strika út af skránni atvinnutekjurnar og skattupphæðina af þeim.

9º ×

Í kæruskjali sínu telur Jakob Havsteen verslunarmaður tekjur sínar árið 1910 hafa verið 1500 kr., en skattanefndin hafði áætlað þær 1800 kr. - Nefndin tekur þetta framtal kæranda gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. -

10º ×

Samkvæmt skýrslu, er nefndin hefur meðtekið er Jóhanna Þorsteinsdóttir frá Bjarnastöðum (Nº 198 á skránni) flutt burt úr bænum og ákvað því nefndin að strika hana út af skránni. -

11º ×

Prófessor Lárus H. Bjarnason telur atvinnutekjur sínar árið 1910 hafa verið 5600 kr., en skattanefndin hafði áætlað þær 5800 kr. Nefndin tekur framtal kæranda gilt og úrskurðaði að lagfæra skattskrána samkvæmt því. -

12º ×

Magnús Sigurðsson málaflutningsmaður skýrir frá, að nettóatvinnutekjur sínar árið 1910 hafi verið 3000 kr., í stað þess að nefndin hafði áætlað þær 5000 kr. - Framtal þetta tók skattanefndin til greina og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. -

13º ×

Margrjet Björnsdóttir, Bræðraborgarstíg 11, skýrir frá því, að á jörðu þeirri, sem henni hefur verið gjört að greiða eignarskatt af, hvíli veðskuld og [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vextir af þeirri skuld 31 kr. 50 a. - Nefndin tekur skýrslu þessa til greina, og þar sem tekjurnar af jörðinni eru aðeins 72 kr., ná eignartekjur hennar ekki skattskyldri upphæð og ákvað því nefndin að strika Margrjeti út af skattskránni. -

14°

A. Obenhaupt kærir skatt þann, er honum hefur verið áællaður og telur jafnframt skattskyldar tekjur sínar 1910 ekki hafa farið fram úr 3600 kr. - Nefndin tekur framtalið gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. -

15°

Fyrir skattanefndinni var það upplýst að N° 352 á tekjuskattsskránni ekkjan Ragnheiður Björnsdóttir, sje flutt til Ísafjarðar og ber henni þar að greiða skattinn. Var því ákveðið að strika hana út af skránni. -

16°

Rögnvaldur Olafsson byggingarmeistari skýrir nefndinni frá því, að nettótekjur sínar árið 1910 hafi aðeins numið 2720 kr., í stað þess að nefndin hafði áællað þær 3500 kr. án frádráttar. Þetta framtal tekur skattanefndin gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. -

17°

Sighvatur Bjarnason bankastjóri hefur krafist niðurfærslu á hinum áællaða skatti og jafnframt talið fram, að tekjur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sínar árið 1910 hafi verið aðeins 8000 kr. nettó, en nefndin hafði áætlað þær 9000 kr. – Nefndin tók framtal hans gilt og úrskurðaði að lagfæra skyldi skattskrána samkv. því. –

18.

Ekkjan Anna Sigríður Stefánsdóttir krefst þess að verða strykuð út af skránni þarsem hún hafi fyrir mörgum árum selt jörð þá, sem henni hefur verið gjört að greiða skatt af. – Nefndin tók kröfu þessa til greina og verður hún strykuð út af skránni. –

19.

Skattanefndin hafði áætlað brúttótekjur Sveins Björnssonar málaflutningsmanns 12000 kr. – frádrátt 2000 kr. og nettótekjur 10000 kr. – Þetta hefur hann kært og í kærunni talið fram, að brúttótekjur sínar hafi verið 10864 kr. 46 a., en þar frá vill hann draga 4000 kr., sem rekstrurskostnað við atvinnuna, og eru í þeim kostnaði 500 króna upphæð, er hann kjáist ekki hafa innheimt af brúttótekjunum. Þessar 500 kr. álítur skattanefndin ekki heimilt að telja með rekstrurskostnaði; en að öðru leyti tekur hún framtal kæranda gilt, og ákvað að breyta skattskránni þannig, að brúttótekjur kæranda skyldu teljast kr. 10864.46, rekstrurskostnaður 3500 kr. og skattskyldar tekjur 7350 kr. –

20.

Þórður Guðmundsson, Klapparstíg 22, kærir það, að honum hafi verið gjört að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiða skatt af 250 kr. eignartekjum og telur fram at þar at eins hafi verið 110 kr. – Skattanefndin tók kæruna til greina og ákvað at leiðrjetta skattskrána í samræmi við hana. –

21º

Samkvæmt tilkynningu frá skattanefndinni í Gnúpverjahreppi hefur Sigurður Guðmundsson trjesmiður Bræðraborgarstíg 13, haft kr. 72.78 í eignartekjur 1910. Ákvað því nefndin at taka hann á skattskrána og gjöra honum at greiða eignarskatt af þeirri upphæð. –

22º

Frá skattanefnd Gnúpverjahrepps hefur nefndin einnig meðtekið tilkynningu um, at Olafur kaupmaður Ámundason hafi 1910 haft tekjur af eign kr. 82.60. – Ákvað því nefndin at taka hann á skrána og gjöra honum at greiða eignarskatt af þeirri upphæð. –

Ennfremur áætlar nefndin atvinnuskatt hans 1910: 1800 kr. án frádráttar og ber einnig at gjöra honum at greiða skatt af þeirri upphæð. –

23º

Samkvæmt tilkynningu skattanefndar Vestur-Landeyjahrepps hefur præp. hon. Jóhann Þorsteinsson haft 170 kr. tekjur af eign þar, og í Ásahreppi kr. 61.86, samtals kr. 231.86. Nefndin ákvað at gjöra honum at greiða eignarskatt af þessari upphæð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og leiðrjetta skrána samkv. því. –

24°

Pálma Pálssyni kennara hefur á skránni verið gjört að greiða skatt af 100 króna eignartekjum, en samkv. tilkynningu frá skattanefnd Saurbæjarhrepps hafa eignartekjur hans þar verið 159 kr. – Nefndin ákvað því að hækka áætlaðar eignartekjur hans um 50 kr. –

25°

Samkvæmt tilkynningu skattanefndarinnar í Ölvushreppi hefur Þórður Erlindsson haft þar 65 kr. eignartekjur. Samþykkti því nefndin að bæta honum á skrána með tekjuskatti af þeirri upphæð. –

26°

Skattanefnd Seltjarnarneshrepps hefur áætlað eignartekjur S. J. Thorsteinsson & Co af Viðey 6000 kr. – Það er nú hvorutveggja að skattanefndinni þykir þessar tekjur of hátt áætlaðar, enda er henni kunnugt um að þinglesnar veðskuldir hvíla á eyjunni. Nefndin áætlar að nettóeignartekjur fjelagsins af eyjunni 1910 sjeu hæfilega áætlaðar 2000 kr. og ákvað að leiðrjetta tekjuskattsskrána samkvæmt því. –

27°

Skattanefnd Seltjarnarneshrepps hefur áætlað tekjur Sigurðar Briem póstmeistara af Skildinganesi 800 kr. – Samkvæmt skýrslu, er formaður nefndarinnar hefur fengið hjá honum hafa nettótekjur hans af eigninni 1910 að eins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið 255 kr. og ákvað skattanefndin að setja hann í eignarskatt af þeirri upphæð og leiðrjetta skattskrána samkv. því. –

28.

Snorri Jóhannsson Grettisgötu 46., sem ekki er á skránni, hefur tilkynnt formanni skattanefndarinnar, að hann árið 1910 hafi haft netto eignartekjur af jörðum 225 kr. – Ákvað því nefndin að taka hann á skrána með skatti af þeirri upphæð. –

29.

Samkvæmt skýrslu skattanefndar Seltjarnarneshrepps hafa erfingjar L. E. Sveinbjörnsson hæztadómara haft 100 kr. eignartekjur þar í hreppi 1910. Ákvað því skattanefndin að fengnum upplýsingum um, að búi hans er ennþá óskipt, að erfingja hans skyldi taka á skrána og gjöra þeim að greiða skatt af 100 króna eignatekjum. –

30.

Frestað var að taka ákvörðun um kærur frá þessum:

B. H. Bjarnason kaupmanni
Magnúsi Blöndahl bæjarfulltrúa
Guðmundi Jakobssyni smiðs
Fjelagsprentsmiðjunni
Emil Strand. –

Ákvað skattanefndin að kalla þessa kærendur á fund til þess að fá þá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þeim frekari upplýsingar áður en úrskurð-
ur verður feldur um kæruna. Var það
ákveðið að halda fund þennan 2. des. kl.
9 e. h. á skrifstofu borgarstjóra. —

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson. K. Zoëga. Halldór Jónsson.

Ár 1911 þ. 2. des. kl. 9 e. h. kom skattanefndin
saman á fund á skrifstofu borgarstjóra til
þess að úrskurða um kæru þær, er frestað
var að útkljá á fundi nefndarinnar 29. nóv.
Allir nefndarmennirnir á fundi. Gjörðist
á fundinum það er hjer segir:

1°

Brynjólfur H. Bjarnason kaupmaður,
sem er sami maðurinn og № 56 á tekju-
skattsskránni telur fram í kæru sinni,
að brúttótekjur hans árið 1910 hafi verið
7916 kr. 74 a., þar frá eigi að dragast rekst-
urskostnaður og tap á árinu 4070 kr.,
þannig að nettótekjur hans hafi verið
3846 kr. 74 a. Kærandi var mættur per-
sónulega á fundinum og gaf þær upp-
lýsingar, sem nefndin óskaði. Að þeim
fengnum tók nefndin framtal kær-
anda í einu sem öllu gilt og úrskurð-
aði að leiðrjetta skattskrána í samræmi
við það.

2°

Magnús Th. Blöndahl bæjarfulltrúi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er skattanefndin hafði gjört að greiða skatt af 30000 króna atvinnutekjum, hefur talið fram, að atvinnutekjur hans árið 1910 hafi verið nettó 9700 kr. Var hann mættur á fundinum og gaf nefndinni skýringar þær, er hún óskaði eptir. Að þeim fengnum tók nefndin framtal hans gilt og ákvað að breyta skattskránni þannig að skatt skuli greiða af 9700 kr.

3º

Ennfremur voru mættir á fundinum Halldór Þórðarson f. h. Fjelagsprentsmiðjunnar og ennfremur Emil Strand. En þar sem nefndin óskaði að sjá skilríki, er þeir ekki höfðu tekið með sjer á fundinn, var frestað að úrskurða um kærur þeirra.

Guðmundur Jakobsson snikkari gat ekki mætt á fundinum vegna lasleika og frestaði því nefndin einnig að úrskurða um kæru hans. –

Fleira gjörðist ekki
Fundi slitið

Páll Einarsson  Kl. Jónsson  Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1911 þ. 19. des. átti skattanefndin fund með sér á skrifstofu borgarstjóra til þess að úrskurða um kærur þær, er frestað var að úrskurða á fundinum 2. þ.m. Allir nefndarmenn á fundi. Úrskurðirnir féllu á þessa leið:

1°

Guðm. inspektor Jakobsson telur fram í kæru sinni að bruttotekjur sínar árið 1910 hafi verið 29660 kr., en kostnaður, er til frádráttar komi, 18300 kr.. Hefir hann fyrir formanni nefndarinnar gefið upp sundurliðun á útgjöldunum. Að fengnum þessum upplýsingum þykir nefndinni eftir atvikum rétt að taka framtalið gilt og ákvað að leiðrétta skattaskrána samkvæmt því.

2°

Emil Strand telur tekjur sínar 1910 hafa verið c. 1750 kr. og frádrátt 1080 kr. – Eftir að formaður skattanefndarinnar hafði fengið að sjá skilríki þau, sem beiðst var eptir, þótti nefndinni eftir atvikum rétt, að leiðrétta skattaskrána þannig, að brutto- og nettotekjur hans skyldu ákveðnar 1600 kr.

3.

Halldór Þórðarson bókbindari hefir krafist að Félagsprentsmiðjan verði numin burt af skránni, þar sem nettotekjur hennar árið 1910 hafi ekki numið skattskyldri upphæð. –

Skattanefndin hafði krafist upplýsinga, er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

honum þótti þurfa, en ekki fengið það, og úrskurðaði því nefndin, að skattskráin skyldi óbreytt standa að því er þennan kæranda snerti.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Páll Einarsson Kl. Jónsson [illegible]

Ár 1912 þ. 30. nóvember kom skattanefnd Reykjavíkur saman á skrifstofu borgarstjóra til þess að úrskurða um kærur þær, er nefndinni höfðu borizt yfir tekjuskattsskránni, er hún hefur legið frammi almenningi til sýnis á bæjarþingstofunni dagana 1.-15. nóv. Féllu úrskurðir nefndarinnar á þessa leið. -

1°

Nefndin hafði áætlað tekjur fiskimatsmanns Ámunda Árnasonar 1500 kr., en í kæru sinni telur hann þær hafi ekki farið fram úr 900 kr. og krefst hann þess, að hann verði numinn burt af skránni. - Nefndin tók þetta framtal hans gilt og ákvað að stryka hann út af skattskránni. -

2°

Skattanefndin hafði áætlað atvinnutekjur Geo. Copland árið 1911: 10.000 kr., en í bréfi dags. 13. þ.m. upplýsir kaupmaður Ásgeir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sigurðsson fyrir hans hönd, að þessar tekjur sjeu af hátt áætlaðar um 2800 kr. Skattanefndin tók framtal þetta gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. -

3°

Á skattskránni hafði nefndin gjört Guðmundi Jakobssyni snikkara að greiða skatt af 3000 króna atvinnutekjum. Hann hefur í kæru sinni upplýst að kona hans og börn hafi í ágústmánuði 1910 flutzt af landi burt og síðan hafi hann ekki haft heimili hjer á landi og engar atvinnutekjur haft hjer árið 1911. - Nefndin ákvað að fella kæranda burt af skránni. -

4°

Skattanefndin hafði á skránni talið firma "Helgi Magnússon & Co" sem sjerstakan skattgreiðanda, með 5000 króna nettóárstekjum, og auk þess gjört eigendum firmans og starfsmönnum, þeim Helga Magnússyni og Kjartani Gunnlaugssyni, hverjum um sig 2500 kr. árstekjur. Hefur firmað nú krafist að verða fellt burt af skránni samkv. 8. gr. tekjuskattslaganna, þar sem arðurinn allur renni til einstakra manna, sem búsettir sjeu á Íslandi. Skattanefndin tók kæru þessa til greina og ákvað að nema skyldi firmað burt af skattskránni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5°

Samkvæmt upplýsingum meðteknum frá prófessor Jóni Helgasyni hafa atvinnutekjur frú Þórhildar Tómasdóttur árið [illegible] verið 1495; en skattanefndin áætlaði þær 1500 kr. Ákvað nefndin að leiðrjetta þetta og breyta skattskránni samkv. því. –

6°

Jón Jakobsson landsbókavörður hefur tilkynnt skattanefndinni að atvinnutekjur hans í ár hefðu verið 3000 kr., en þær hafði nefndin áætlað 3500 kr. – Þetta framtal tók nefndin gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkv. því. –

7°

Jón Kristjánsson prófessor hefur kært það að nefndin hefur gjört honum að greiða skatt af 3000 króna árstekjum. Telur hann tekjur sínar hafa verið 1950 kr. Nefndin tók eftir atvikum framtal þetta gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. –

8°

Samkvæmt tilkynningu frá bæjarfógeta ákvað skattanefndin að nema Þórunni Magnúsdóttur burt af skattskrá, þar sem hún er nú flutt til Kaupmannahafnar. Jafnframt var formanni nefndarinnar falið að tilkynna hlutaðeigandi skattanefnd þetta. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Jón Þorláksson landsverkfræðingur hefur tilkynnt skattanefndinni, að árstekjur sínar hafi árið 1911 numið 3700 kr., en nefndin hafði áætlað þær 6000 kr. – Nefndin tók framtal þetta gilt og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkv. því. –

10.

Lauritz C. Jörgensen tilkynnir skattanefndinni að tekjur sínar 1911 hafi ekki numið meiru en 1100 kr. – Nefndin tók framtal þetta til greina og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. –

11.

Sömuleiðis tók nefndin, að fengnum nýjum upplýsingum, til greina tilkynningu Kristins Jónssonar trjesmiðs um það að hann hefði ekki haft meiri árstekjur árið 1911 en 1000 kr. Var ákveðið að strika hann út af skránni. –

12.

Ólafur Árnason kaupmaður hefur krafizt þess að verða strikaður út af tekjuskattsskránni fyrir þá sök, að hann eigi heimili á Stokkseyri og greiði þar tekjuskatt. En þar sem nefndinni er kunnugt um, að hann leigir hús hjer í bænum og ~~a~~ hafur fjölskyldu sína hjer, telur hún hann vera hjer búsettan, og ákvað því að skattskráin skyldi óbreytt standa að því er hann snertir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13ᵒ.

Skattanefndin tók til greina kæru Gúsm. P. Petersen og ákvað að færa skattskyldar tekjur hans niður í 2000 kr. úr 3000 kr. og breyta skatteyrisskránni samkv. því. –

14ᵒ.

Joh. Chr. G. Rasmus tilkynnir að tekjur sínar árið 1911 hafi verið 2000 kr. og krefst að skattur hans verði færður niður samkv. því. – Nefndinni var kunnugt um að auk hans launa hefði kona hans haft 1200 króna laun þetta ár – en fjárhagur hjónanna er ekki aðskilinn eptir því sem nefndinni er frekast kunnugt. Ákvað því nefndin nú skattskyldar tekjur hjónanna 3200 kr., og ber að leiðrjetta skattskrána samkv. því. –

15ᵒ.

Kaupmaður Sh. Thorsteinsson kærir mat skattanefndarinnar á tekjum hans; en nettó-tekjur hans hafði skattanefndin áætlað 3000 kr. Telur hann í kæruskjalinu tekjur sínar af verslununum hafa verið 17973 kr. og af fiskverkunarstöðinni 4036 kr., en frá heimi í síðastnefndu tekjuupphæð vill hann draga 2400 kr. fyrir fyrningu. Nefndin tók þetta framtal hans gilt að undanteknum fyrningunni á Kirkjusandshúsunum. Ákvað því nefndin að nettótekjur hans skyldu á-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvaðan 2200 kr. og skattinum breytt samkvæmt því. –

16

Skýrsla Vigfúsar Einarssonar cand. jur. um árstekjur hans 1911 tekin gild og samþykkt að leiðrjetta skattskrána þannig að tekjur hans teljast 1275 kr. –

17°

Sigurður Sivertsen docent hafði kært yfir því að honum hefði verið gjört að greiða skatt af 3000 króna árstekjum. En þetta er ekki rjett. Á skattskránni eru tekjur hans áætlaðar að eins 2200 kr., og fellur því kæra hans niður. –

18°

Vigfús Guðbrandsson klæðskeri tilkynnir að skattskyldar tekjur sínar hafi verið of lágt áætlaðar, 1500 kr. í staðinn fyrir 2200 kr. – Nefndin ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt þessu. –

Fleira gjörðist ekki. –

Fundi slitið

Páll Einarsson. K. Zimsen Halldór Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1913 þ. 28. nóvember kom skattanefnd Reykjavíkur saman á fund á skrifstofu borgarstjóra til þess að úrskurða um kærur yfir skattskránni, er legið hafði almenningi til sýnis á bæjarþingsstofunni dagana 1.-15. nóv. Alls höfðu skattanefndinni borizt 12 kærur og fellir úrskurðir um þær á þessa leið.-

1°

A. Obenhaupt umboðssali hefur sent skattanefndinni tilkynningu um, að skattskyldar tekjur hans árið 1912 hafi verið 7000 kr., en þær höfðu verið áætlaðar 8000 kr. - Þessa yfirlýsingu tók skattanefndin gilda og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því.-

2°

Skattanefndin hafði gjört Ágúst Thorsteinsson kaupmanni 4000 króna brúttótekjur eða 3000 kr. nettótekjur. Þetta hefur hann kært og krafist að skattskyldar tekjur hans verði færðar niður í 1500-2000 kr. - Nefndin samþykkti, samkvæmt upplýsingum þeim, sem kæra hans inniheldur, að færa skattskyldar tekjur hans niður í 1800 kr.-

3°

Benedikt ritstjóri Sveinsson hefur skýrt skattanefndinni frá, að tekjur hans árið 1912 hafi verið um 1200 krónur og þingfararkaup að auki, er hann

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

álítur að ekki eigi að telja til tekna. Þing-fararkaup á að teljast með skattskyldum tekjum, og ákvað nefndin að færa tekjur kæranda úr 3000 kr. niður í 1600 krónur. –

4°

Einar Arnórsson prófessor hefur tilkynnt skattanefndinni að tekjur hans árið 1912 hafi verið 3800 krónur í stað þess að nefndin hafði áætlað þær 4500 kr. Nefndin tók þetta framtal gilt og ákvað að breyta skattskránni samkvæmt því. –

5°

Egill Jakobsen kaupmaður (kaupmaður) hefur skýrt nefndinni frá, að tekjur hans hafi verið 5500–6000 kr. í stað þess að nefndin hafði áætlað þær 7000 kr. – Úrskurðaði því nefndin að tekjur hans skyldu settar 6000 kr. og að leiðrjetta skyldi skattskrána samkvæmt því. –

6°

Skattanefndin hafði gjört Sláturfjelagi Suðurlands að greiða skatt af 10000 kr. árstekjum. Hefur fjelagið krafist þess að skattinum verði algjörlega felldur burt, þar sem fjelagið ekki sje skattskylt, og er í því efni vísað til úrskurðar, er bæjarfógeti Reykjavíkur ~~hefur~~ á að hafa kveðið upp 12. marz 1912. En með því ekki einu sinni er fenginn endanlegur úrskurður fyrir því, að fjelagið eigi að vera undanþegið tekjuskatti; úrskurðaði nefndin að skattskráin skyldi óbreytt vera að því er fjelagið snertir. –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Skattanefndin hafði gjört Jóhanni Chr. Rasmus að greiða skatt af 3000 króna árstekjum, en hann hefur skýrt frá, að tekjur hans hafi ekki verið meiri en c. 2800 kr. og krefst því að skatturinn verði færður niður samkvæmt því. En nefndinni er kunnugt um, að kona hans hefur auk þess haft tekjur, svo miklar, að tekjur þeirra beggja samtals nemi fyllilega 3000 kr., og úrskurðaði því nefndin að skattskráin skyldi að þessu leyti óbreytt vera, enda er nefndinni ekki kunnugt um, að hjónin hafi aðskilinn fjárhag.-

8.

Skattanefndin tók gilt það framtal cand. jur. Þorvaldssonar, að hann hefði ekki árið 1912 haft meiri árstekjur en 1200 kr. og ákvað að leiðrjetta skattskrána samkvæmt því. —

9.

Jónatan Þorsteinsson kaupmaður hefur talið fram, að tekjur sínar hafi ekki farið fram úr 4000 krónum, en nefndin hafði áætlað þær 8000 kr. Nefndin tók framtal þetta gilt og úrskurðaði, að leiðrjetta skyldi skattskrána samkvæmt því. —

10.

Sirnað Nathan & Olsen hefur krafist að tekjum þess verði skipt að jöfnu milli eigenda þess, þannig að hverjum þeirra um sig verði gjört

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að greiða skatt af 5000 kr. – Eptir að skatta-nefndin hafði fengið þær upplýsingar úr firmaskrá bæjarins um firmað fjellst hún á, að þetta mundi rjett vera, og ákvað að leið-rjetta skattskrána samkvæmt því. –

11.

Skattanefndin hafði gjört Reinh. Andersson að greiða skatt af 5000 króna tekjum, en að feng-inni kæru hans útskurðaði nefndin að færa hina skattskyldu upphæð niður í 3000 kr. –

12.

Skattanefndin hafði sett Ólaf Árnason sem lyfjer búsettan mann á skattskrána og gjört honum að greiða skatt af 4000 kr. árstekjum. Yfir hann kvartist þess, að verða strykaður út af skránni, þar sem honum einnig hafði verið gjört að greiða tekjuskatt í Stokkseyrarhreppi. Með þessari kæru hefur hann sent vottorð formanns skattanefndarinnar í Stokkseyrarhreppi, ~~sem~~ að hann sje settur þar á tekjuskattsskrá. Að fengnu þessu vottorði ákvað skattanefndin að stryka hann út af skattskrá Reykjavíkur. –

Fleira gjörðist ekki.
Fundi slitið.

Páll Einarsson. K. Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1914, laugardaginn 24. október kom skattanefnd Reykjavíkur saman á fund á skrifstofu borgarstjóra til þess að semja skrá yfir eignar og atvinnutekjur í Reykjavík árið 1913 og tekjuskatt árið 1915. Starfaði nefndin að samningu skrárinnar

K/2 en lauk því eigi. Var næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 27. október. Þann dag kom nefndin aftur saman á fund og lauk þá samningu skrárinnar.

K. Zimsen
A. Schwarzenberg
Sveinn Björnsson

Ár 1914, laugardaginn 28. nóv., kom skattanefndin saman á fund á ~~skrif stofu~~ bæjarþingsstofunni.

Formaður skýrði frá því, að komið

K/3 hefðu 31 kæra yfir skattskránni. Hefði hann tilkynnt kærendum að þeir gætu á fundi þessum mætt og látið skattanefndinni té frekari skýrslur til stuðnings kærum sínum.

Tillu úrskurðir á þessa leið:

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1mo

Þorleifur Jónsson kærir yfir skatti af eign. Upplýsti hann persónulega fyrir nefndinni að hann hefði engar ~~eigna~~tekjur haft af eign í Seltjarnarneshreppi árið 1913, en á þá skýrslu þaðan byggði nefndin álagningu sína. Var ákveðið að fella burt ~~tekjur~~ skatt þann sem honum hefir verið gert að greiða af eignatekjum

2ndo

Skattanefndin tók gilda skýrslu Jóns prófessors Kristjánssonar um að atvinnutekjur hans árið 1913 hafi eigi verið hærri en 3400 krónur og breytist skattskráin eftir því.

3.

F.h. Sigríðar Þorleifsdóttur upplýsti maður hennar, Þorl. H. Bjarnason, að hún hefði engar eignatekjur haft á árinu 1913, með því þá hafi þegar verið lokið skiftunum á búi hennar og fyrri manns hennar, en fasteign sú, sem skatturinn byggist á, gekk úr eigu Sigríðar við skiftin. Skattanefndin ákvað samkvæmt þessari skýrslu, að fella úr skattskránni þær 18 kr. eignatekjur, sem hér ræðir um.

4.

Arngrímur Jónsson upplýsti fyrir skattanefndinni að brúttó tekjur sínar árið 1913 hefðu eigi numið meira en 1470 kr. Nefndin tók skýrslu hans gilda og leit svo á, að erfðreginn væri frá kostnaður við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnurekstur hans, beri honum eigi að greiða neinn skatt af atvinnutekjum og tekur því nafn hans út af skattskránni.

5.

F.h. J.P.T. Brydesverzlunar hafði N.B. Nielsen verzlunarstjóri borið fram að verzlunin hafi engar tekjur haft á árinu 1913, heldur tapað alt að 50 þús. krónum á árinu. Með því að Nielsen, sem mætti fyrir nefndinni, hafði engin gögn að styðja þessa skýrslu sína við og ~~tjáði~~ eigi geta útvegað þau nema á nokkuð löngum tíma, getur nefndin eigi tekið ~~kæru~~ hans til greina. Skattskráin verður því óbreytt um þenna gjaldanda.

6.

Nefndin tók gilt framtal Árna Nikulássonar rakara, um að atvinnutekjur hans ~~hefði~~ hafi eigi numið fullum 1000 krónum árið 1913. Er nafn hans því tekið út af skattskránni.

7.

P. Petersen skýrir frá f.h. Biografisk Teater, að nettotekjur þess hafi eigi farið fram úr kr. 3500.00 árið 1913. Nefndin óskaði frekari upplýsinga

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

um þetta og var því málinu frestað.

8.

Skattanefndin tók gilt framtal Kristjáns Kristjánssonar, að atvinnutekjur hans árið 1913 hafi verið 3500 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

9.

H/F Nýja Bíó telur nettótekjur sínar árið 1913 hafa numið kr. 563,80. Nefndin óskaði frekari upplýsinga um þetta, og var því málinu frestað.

10.

Sigurður Pétursson vildi fá tekjuskatt sinn færðan niður í 4 kr. úr 6 kr. Að fenginni skýrslu hans sá nefndin eigi ástæðu til að taka kæru hans til greina. Skattaskráin verður því óbreytt að þessu leyti.

— " —

Allir hinir framangreindu kærendur mættu fyrir skattanefndinni.

— " —

11.

Árni Einarsson kaupmaður vill fá skatt sinn færðan úr 35 kr. niður í kr. 17.50. Nefndin taldi eigi færðar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nagar ástæður fyrir nokkurri niður-
~~setningu~~ færslu í kærubrjefi hans og verður
því skattskráin óbreytt að þessu leyti.

12.

Skattanefndin tók gilt framtal Árna
Jóhannssonar bankaritara, um að atvinnu-
tekjur hans árið 1913 hafi numið 2400
kr., og breytist því skattskráin samkvæmt
því.

13.

Skattanefndin tók gilt framtal
Eggerts Briems skrifstofustjóra, um að
atvinnutekjur hans árið 1913 hafi numið
4250 kr., og breytist því skattskráin samkv.
því.

14.

Sigurður Briem póstmeistari telur
tekjur sínar af Skildinganesi árið 1913
hafa verið 400 kr., ~~að~~ en þar frá beri að
draga:

| | |
|---|---|
| vátryggingargjald | kr. 10,12 |
| vexti af veðskuld | " 64,17 |
| | Kr. 74,29 |

Nefndin hefir fyrir sjer skýrslu frá
skattanefnd Seltjarnarneshrepps og
skattanefnd Reykholtsdalshrepps um
eignatekjur kæranda í þessum hreppum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Er skattskráin, hvað eignatekjur kæranda snertir bygð á þessum skýrslum, og þar sem kærandi mætti eigi eða lét mæta fyrir nefndinni, þótt kallaður væri, til þess að gefa frekari skýringar um það, hvort skýrsla hans í kærubrjefinu haggar þeim skýrslum, verður skráin að vera óbreytt að þessu leyti.

15.

Nefndinni barst kæra frá G. Eirikss, umboðssala þ. 18. nóv. En þá var kærufrestur útrunninn og verður sú kæra því eigi tekin til greina.

16.

O. Forberg, landsímastjóri telur atvinnutekjur sínar of hátt settar. Hann fjáist að vísu hafa haft aukatekjur umfram laun sín úr landssjóði árið 1913, en upplýsir eigi að þær hafi verið minni en 1000 kr., eins og nefndin hefir gert þær. Eftirlaunagjald er eigi heimilt að draga frá laununum við skattákvörðunina. Verður því skattskráin óbreytt að þessu leyti.

17.

Erindi Indriða Gottsveinssonar byggist á þeim miskilningi að til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

grundvallar skattinum séu lagðar atvinnutekjur árið 1914 og verður því eigi tekið til greina. Skattskráin verður því óbreytt hvað hann snertir.

18.

Skattanefndin tók gilt framtal Jóns Gunnarssonar samábyrgðarstjóra um 3500króna atvinnutekjur árið 1913 og breytist skattskráin samkvæmt því.

19.

Skattanefndin tók gilda skýrslu Jóns Jakobssonar landsbókavarðar um að hann hefði engar tekjur haft af eign árið 1913, og breytist skattskráin samkv. því.

20. 21. 22.

Kærur frá Jóni Ó. V. Jónssyni, Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Olgeiri Friðgeirssyni samgöngumálaráðunaut byggjast allar á þeim misskilningi að atvinnutekjur árið 1914 séu lagðar til grundvallar skattálagningunni og verða því eigi teknar til greina. Skattskráin verður því óbreytt hvað greinda kærendur snertir.

23.

Skattanefndin tók gilt framtal Kristjáns Jónssonar dómstjóra um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6120 kr. tekjur árið 1913 og breytist því skattskráin samkvæmt því.

24. og 25.

Skattanefndin tók gilt framtal Magnúsar Helgasonar kennaraskólastjóra um 3000 króna atvinnutekjur árið 1913, og breytist því skattskráin samkvæmt því. Dánarbú Ragnh. Thorarensen ber að taka út af skattskránni, þar sem búinu var skift á árinu 1913 samkvæmt upplýsingu Magnúsar Helgasonar, sem skattanefndin tók gilda.

26.

Skattanefndin tók gilt framtal Sigurðar Árnasonar vélstjóra um 1500 kr. atvinnutekjur árið 1913, og breytist skattskráin samkvæmt því.

27.

Paul Smith símamaður vill fá lækkaðan skatt sinn. Í kæruskjali hans er eigi gerð fullnægjandi grein fyrir því að atvinnutekjur hans árið 1913, séu of hátt settar á skattskránni, og verður því skattskráin óbreytt hvað hann snertir.

28.

Skattanefndin tók gilt framtal Vigfúsar Einarssonar bæjarfógetafulltrúa um 2000 króna atvinnutekjur árið 1913 og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

breytist því skattskráin samkv. því.

29.

J. Chr. G. Rasmus verkstjóri telur atvinnutekjur sínar persónulega hafa numið 2400 kr. árið 1913, en tekjur konu sinnar 1200 kr. Hafi þau hjón skilinn fjárhag en leggi bæði tekjur sínar á borð með sér í sambúðinni. Skattanefndin telur rétt að kærandi greiði skatt af atvinnutekjum þeirra beggja hjóna undir þessum kringumstæðum, og verður því skattskráin óbreytt hvað kæranda snertir. Kærandi mætti sjálfur fyrir ~~sjálfum~~ nefndinni

30.

Fyrir hönd Sláturfélags Suðurlands mætti fyrir nefndinni framkvæmdarstjóri félagsins Hannes Thorarensen, hafði hann áður sent kæru innan lögboðins fersts. Lagði hann fram lögtaksúrskurð frá 12. marz 1912, sem neitar um lögtak á tekjuskatti félagsins árið 1911 með skírskotun til 8. gr. laga um tekjuskatt 14. desbr. 1877. Skattanefndin ákvað að spyrja stjórnarráðið, hvort það vilji leita úrskurðar æðri dómstóla um þetta atriði. Ef stjórnarráðið óskar þess ekki, ber að taka Sláturfélag Suðurlands út af skattskránni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gudmundur Thorsteinsson telur eignartekjur sínar of hátt settar 2500 Kr. Kærandi mætti sjálfur fyrir nefndinni og upplýsti að eignatekjur sínar hér væru eigi meiri en 7-800 Krónur. Þau hjón ættu sameign nokkra í Vesturheimi og nyti kona sín, sem búsett væri í Vesturheimi, óskerað tekna af þeirri eign. En samtaldar næðu eignatekjurnar hvergi nærri 2500 kr. eins og eignatekjurnar eru gerðar honum á skattskránni. Eftir að hafa fengið þessar upplýsingar ber eftir atvikum að breyta skattskránni þannig að eignatekjur kæranda ákveðist 1500.

——— " ———

Formaður lagði fram brjef frá bæjarfógetanum í Reykjavík. Brjefinu fylgdu athugasemdir stjórnarráðsins við tekjuskattsreikningum árið 1913 (eigna- og atvinnutekjur 1911) Óskar bæjarfógeti þess að skattanefndin taki athugasemdir stjórnarráðsins til greina við leiðrjettingu skattskrár 1914. Brjefið barst eigi í hendur formanni fyr en eftir að skattskráin hafði verið samin og hafði legið frammi. Skattanefndin sá sér eigi fært að taka athugasemdir stjórnarráðsins til greina við leiðrjettingar á skattskránni, en mundi að sjálfsögðu hafa tekið þær til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greina við samningu skattskrárinnar, ef athugasemdirnar hefðu borist nefndinni áður en skattskráin var samin.

Fleira gjörðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1915, fimtudaginn 4. febrúar, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

Tekið var fyrir að úrskurða um tvær kærur, kvikmyndaleikhúsanna; höfðu leikhúsin sent nefndinni yfirlit yfir tekjur sínar og gjöld árið 1913; yfirlit Reykjavíkur Biographtheater kom eigi fyr en í dag.

K/3

1. Samkvæmt fengnum upplýsingum ákveðast skattskyldar tekjur Reykjavíkur Biographtheater 3500 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

2. Samkvæmt fengnum upplýsingum ákveðast skattskyldar tekjur h/f Nýja Bíó 2000 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

Formaður lagði fram bréf stjórnarráðsins dags. 18. des. 1914 um að það hafi lagt fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarfógeta að gera lögtak fyrir ~~tekt~~ skatti lögðum á tekjur Sláturfjelags Suðurland árið 1912.

Var skattskráin með leiðrjettingum þannig undirskrifuð.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Eiríkur Bjarnason

30. okt., 9, 10.

Ár 1915, laugardaginn 30. október, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Byrjað var á samningu skrár yfir eignar- og atvinnutekjur í Reykjavík árið 1914 og tekjuskatt árið 1916. Var ekki lokið samningu skrárinnar á þeim fundi.

Næsti fundur var haldinn, þriðjudaginn 9. nóvember. ~~Var~~ Allir á fundi. Var haldið áfram samningu skrárinnar, en ekki lokið.

Næsti fundur var haldinn, miðvikudaginn 10. nóvember. Allir á fundi. Haldið áfram samningu skrárinnar en ekki lokið.

Föstudaginn 12. nóvember kom nefndin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

om saman á fund. Allir á fundi.
Haldið var áfram samningu skrár-
innar og henni lokið.

Nefndin lætur þess getið að hún
hefir eigi getað lokið störfum sínum
fyr en nú vegna mikilla anna nefnd-
manna við önnur nefndarstörf í
bæjarstjórninni, t. d. eru allir nefndarmenn ~~ein~~
í dýrtíðarnefnd, tveir í fjárhagsnefnd og
tveir í hafnarnefnd, en allar þessar
nefndir hafa haft mikið að starfa
undanfarið. Auk þess barst nefndinni
eigi frá bæjarfógeta athugasemdir
við tekjuskattsreikninginn 1914 fyr
en 9. þ. m., en án þeirra þótti eigi
fært að ljúka við samningu skrár-
innar.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1915, mánudaginn 13. desember kom
skattanefndin saman á fund á bæjarþingstof-
unni. Allir á fundi. Á fundinn höfðu verið
kvaddir allir þeir er kært höfðu yfir skrá yfir
eigna- og atvinnutekjur í Reykjavík árið 1914.
Alls höfðu nefndinni borist 37 kærubrjef. Var
tekið fyrir að úrskurða kærurnar. Fjellu úr-
skurðir sem hjer segir:

1.

Þórður Bjarnason kaupmaður vill láta færa
skattskyldar tekjur sínar 1914 úr 4500 kr. niður í
2000 kr. Nefndin vill færa tekjurnar niður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í 3000 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

2.

Bjarni Þórðarson vill láta nema burt af skattskránni 1475 kr. eigna-tekjur hjá sjer. Að fengnum upplýsingum hjá bæjarfógeta var ákveðið að færa eignatekjurnar niður í 402 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Fyrir kæranda mætti Þórður Bjarnason.

3.

Eftir framtali Júlíusar Halldórssonar læknis þykir rjett að færa atvinnutekjur hans niður í 1600 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

4.

Eftir framtali Benedikts S. Þórarinssonar kaupm. þykir rjett að færa atvinnutekjur hans niður í 12500 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

5.

Framtal Skúla alþm. Thoroddsens á 3000 kr. atvinnutekjum og 300 kr. eignatekjum tekið gilt og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

6.

Eftir framtali Sörundar Brynjólfssonar kennara þykir rjett að færa atvinnutekjur hans niður í 1800 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

7.

Tekið gilt framtal Halldórs Daníelssonar yfirdómara um 3500 kr. atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því. Fyrir kæranda mætti Daníel Halldórsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Eftir framtali Jóhanns Teits Egilssonar þykir rjett að færa eignatekjur hans niður í 130 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

9.

Útaf kæru P. Petersens bíóstjóra var ákveðið að stryka Reykjavíkur Biographteater út af skattskránni. Kærandi mætti sjálfur.

10.

Tekið gilt framtal Norðgulens úrsmanns um 1600 kr. atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

11.

Útaf kæru ekkjunnar Guðrúnar Guðmundsdóttur þykir rjett að færa eignatekjur hennar niður í 600 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálf.

12.

Kæra Hallgríms Jónssonar, Þingholtsstræti 21, tekin til greina og strykist nafn hans útaf skattskránni. Kærandi mætti sjálfur.

13.

Kæra Gunnars Þórðarsonar, kaupmanns tekin til greina og strykist nafn hans út af skattskránni. Kærandi mætti sjálfur.

14.

Útaf kæru Eggerts Briems frá Viðey þykir rjett að fella burt atvinnutekjur hans og færa eignatekjur hans niður í 2500 kr.; breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

15.

Útaf kæru Þórðar Sveinssonar læknis, þykir rjett að færa eignatekjur hans niður í 325 kr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

16.

Tekið gilt framtal Bjarna Jónssonar húsgagnasmiðs um 1700 kr. atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því.

17.

Tekið gilt framtal Kristjáns Jónssonar hæstaréttardómara um 5760 kr. atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því.

18.

Kæru Þorleifs Andrjessonar sjer nefndin eigi fært að taka til greina.

19.

Útaf kæru Finns Finnssonar skipstjóra þykir rjett að færa atvinnutekjur hans niður í 2000 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því.

20.

Framtal Halldórs Þorlákssonar, Lindargötu 40, um 1400 kr. atvinnutekjur tekið gilt og breytist skattskráin samkvæmt því.

21.

Kæru Eyjólfs Þorkelssonar úrsmiðs, sjer nefndin sjer ekki fært að taka til greina.

22.

Kæru Jóns H. Ísleifssonar verkfræðings sjer nefndin sjer eigi fært að taka til greina.

23.

Útaf kæru Jóns Björnssonar & Co. þykir rjett að færa atvinnutekjur firmans niður í 5000 krónur, og breytist skattskráin samkvæmt því.

24.

Útaf kæru Jónatans Þorsteinssonar, kaupm.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þykir rjett að færa atvinnutekjur hans niður í 6000 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því.

25.

Framtal Guðmundar prófessors Hannessonar um 3842 kr. atvinnutekjur tekið gilt og breytist skattskráin samkvæmt því.

26.

Framtal Benedikts G. Waage, Skólavörðustíg 24 um 1200 kr. atvinnutekjur tekið gilt og breytist skattskráin samkvæmt því.

27.

Kæru Pauls Smiths símaverkfræðings, sjer nefndin sjer eigi fært að taka til greina. Nefndin byggur að kærandi hafi haft nokkrar tekjur af vöxtum af símafje auk tekna sem verkfræðingur og milligöngumaður við pantanir frá útlöndum.

28.

Nefndin telur sjer eigi heimilt að taka til greina kæru Holger Wiehe dósents, og verður því skattskráin óbreytt hvað hann snertir.

29.

Kæra Skúla Jónssonar tekin til greina, og strykast út af skattskránni dánarbú Jóns Árnasonar frá Garðauka.

30.

Kæru O. Forbergs, landssímastjóra, sjer nefndin sjer ekki fært að taka til greina. Nefndin byggur að kærandi hafi haft nokkrar tekjur bæði af vöxtum af símafje og af eign sinni í botnvörpuveiðafjelaginu „Nirði".

31.

Kæra Jóhannesar Sigfússonar, kennara tekin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til greina og færast eignatekjur hans niður í 36 kr. 50 aur.. Breytist skattskráin samkvæmt því.

32.

Kæru Brynjólfs H. Bjarnason, kaupmanns sjer nefndin sjer eigi fært, að taka til greina. Eign sú sem honum ber að greiða skatt af stendur á nafni konu hans.

33.

Kæru Olgeirs Friðgeirssonar samgöngumálaráðunauts sjer nefndin sjer ekki fært að taka til greina. Auk tekna hans sem samgöngumálaráðunauts telur nefndin að telja beri borgun fyrir úthlutun á landssjóðsvörum, tekjur af störfum fyrir firmað C. Höepfner o. fl.

— — — —

Kærendur þeir, sem taldir eru undir tölul. 16–33 incl. komu eigi á fund nefndarinnar og enginn fyrir þeirra hönd.

34.

Bæjarfógetinn í Reykjavík tilkynnir að Þorvaldur Thoroddsen prófessor í Kaupmannahöfn hafi tilkynt sjer að hann hafi selt fasteign þá, er hann átti hjer á landi. Ber því að fella burt af skattskránni eignatekjur hans. Aftur á móti telur nefndin ekki rjett að fella burt atvinnutekjur hans, fje það er hann fær úr landssjóði.

35.

Sláturfjelag Suðurlands krefst, að það verði numið burt af skattskránni og skírskotar til lögtaksúrskurðar 25. febrúar 1915. Ákveðið var að spyrja stjórnarráðið hvort það vilji

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leita úrskurðar æðri dómstóla um þetta atriði. Ef stjórnarráðið óskar þess ekki ber að nema Sláturfjelag Suðurlands af skattskránni.

36.

Útaf kæru[komm] Páls Matthíassonar skipstjóra var ákveðið að spyrjast fyrir hjá framkvæmdarstjóra h/f. „Kveldúlfs" um atvinnutekjur Páls árið 1914. Fyrir kæranda mætti Jón Ólafsson útgerðarmaður.

37.

A. Obenhaupt umboðssali kærir yfir því að umboðssölunum Aall-Hansen, F. C. Möller, O. Johnson & Kaaber, G. Eiríkss og Nathan & Olsen sjeu gerðar of lágar atvinnutekjur. Útaf þessu var ákveðið að kveðja umrædda umboðssala á fund með skattanefndinni til upplýsinga um tekjur þeirra.

Fundi sagt slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1915, laugardaginn 18. desember kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir nefndarmenn á fundi.

1.

Fyrir nefndinni mætti:
1. L. Kaaber konsúll; skírskotaði hann til brjefs er hann hefði í gær skrifað formanni nefndarinnar, þar sem hann telur sjer eigi skylt að gefa upp tekjur sínar nú.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. Fr. Nathan og Carl Olsen. Kvaðust þeir eigi geta látið uppi hverjar tekjur þeirra hafi verið árið 1914 sökum þess að allar bækur þeirra hafi brunnið í vor.

Aall-Hansen og F. C. Möller höfðu verið boðaðir á fundinn, en komu ekki.

Eftir atvikum og að fengnum nokkrum upplýsingum álítur nefndin að hæfilegt mundi að gera þessar breytingar á skattskránni:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Atvinnutekjur | Aall-Hansens kaupm. færist upp í kr. | | | | 6000,00 |
| — | D. Johnson konsúls | —"— | —"— | " | 12000,00 |
| — | L. Kaabers —"— | —"— | —"— | " | 12000,00 |
| — | Fr. Nathans kaupm. | —"— | —"— | " | 10000,00 |
| — | C. Olsens —"— | —"— | —"— | " | 10000,00 |
| — | F. C. Möllers —"— | —"— | —"— | " | 5000,00 |

Enda þótt það muni hafi komið fyrir áður, að skattanefnd hafi breytt skattskránni eftir kæru frá öðrum en gjaldanda, vill nefndin eigi að svo komnu úrskurða þessar breytingar með því hún telur það tæplega heimilt samkvæmt orðum laga 14. desemb. 1877, en ályktar með hliðsjón af umræddum fordæmum að leggja það undir úrskurð stjórnarráðsins, hvort heimild sje til umræddra breytinga og vill láta það vera komið undir þeim úrskurði, hvort gera skuli breytingarnar eða eigi.

2.

Að fengnum upplýsingum frá h/f. Kveldúlfi var ákveðið að lækka atvinnutekjur Páls Matthíassonar skipstjóra

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

niður í 7500 kr. og breytist skattskráin samkvæmt því.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson

Ár 1916, miðvikudaginn 12. janúar, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra (~~Á fund vantaði Sighvat Bjarnason~~)

1. Lagt fram bréf stjórnarráðsins dags. 28. f. m. þar sem það telur eigi gerlegt að áfrýja lögtaksúrskurði 25. febr. f. á. um tekjuskatt Sláturfélags Suðurlands. Ber því að nema Sláturfélag Suðurlands burt af skattskránni.

2. Lagt fram bréf stjórnarráðsins dags. 11. þ. m. þar sem stjórnarráðið kveður upp þann úrskurð, að full heimild sé til að breyta skattskránni eftir kæru frá öðrum en gjaldanda, ef kæran kemur fram í tæka tíð. Í samræmi við þetta og að ályktun nefndarinnar á síðasta fundi breytist því skattskráin þannig:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Atvinnutekjur | Carl Hansens | verði kr. 6000,00 | 100.00 |
| —"— | O. Johnsons | — - 12000,00 | 335.00 |
| —"— | L. Kaabers | — - 12.000,00 | 335.00 |
| —"— | Fr. Nathan | — - 10000,00 | 255.00 |
| —"— | C. Olsens | — - 10000,00 | 255.00 |
| —"— | F. C. Möller | — - 5000,00 | 70.00 |

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1916, laugardaginn 28. október, kom Skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

1. Borgarstjóri skýrði frá því að samkvæmt umtali áður milli skattanefndarmanna hefði hann 14. þ.m. sent 2250 ~~skattgjaldendum hér í bænum~~ bæjarmönnum áskorun um að gefa upp tekjur sínar árið 1915 fyrir 23. þ.m. Svör með tekjuskýrslum hafa þar til í dag borist frá 1125 ~~gjaldendum~~ bæjarmönnum.

2. Var því næst byrjað á samningu skrár yfir eigna- og atvinnutekjur í Reykjavík 1915 og tekjuskatt 1917

Var haldið áfram samningu skránna á fundum sunnudaginn 29. október, laugardaginn 4. nóv., mánudag 6., þriðjudag 7. og miðvikudag 8. nóvember. Þann dag að kvöldi var að mestu lokið samningu skránna.

Nefndin lætur þess getið að orsökin til þess að hún hefir eigi lokið störfum sínum fyrr ~~[illegible]~~ en gjört var, auk mikilla anna nefndarmanna við önnur nefndarstörf, veikindi nefndarmanna, hve seint borist svör við áskoruninni um að gefa upp tekjur sínar o. fl. Nefndinni hafa eigi enn borist

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~athugasemdir~~ frá bæjarfógeta, athugasemdir við tekjuskatts-reikninginn 1915, en telur eigi fært að bíða lengur eftir þeim.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1916, þriðjudaginn 14. nóvember, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Skattskráin lá nú fyrir hreinskrifuð. Var farið yfir hana í síðasta sinni áður en hún verði lögð fram og gerðar nokkrar breytingar, sumpart samkvæmt nýjum uppgjöfum skattgreiðenda, sumpart samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hafði aflað sér síðan á annan hátt.

Var þvínæst skráin undirskrifuð.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1916, föstudaginn 15 desember, kom skattanefndin saman á fund á bæjarþingsstofunni.

Allir á fundi. Fundarefni var, að úrskurða kærur, sem nefndinni hafa borist yfir tekjuskattsskránni. Nefndinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafa borist 29 kærubréf. Á fundinn höfðu verið kvaddir allir þeir, er kært höfðu. Fella úrskurðir sem hér segir:

1.

Helgi Teitsson hafnsögumaður upplýsir að nettótekjur sínar árið 1915 hafi verið nákvæmlega Kr. 1471.00. Tók nefndin skýrsluna gilda og breytist skattskráin samkv. því. Kærandi mætti sjálfur.

2.

Halldór Þórðarson bókbindari telur atvinnutekjur sínar aðeins 400 krónur kveðst hafa gefið þetta upp í bréfi til nefndarinnar 23. október. En bréf það hefir nefndinni ekki borist. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

3.

Magnús Ólafsson, ljósmyndari upplýsir að hann hafi er hann gaf upp tekjur sínar af vangá talið í atvinnutekjum sínum kostpeninga er vaxin börn hans borga fyrir fæði hjá honum. Atvinnutekjur sínar séu réttar Kr. 1440.00. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mættir sjálfur.

4.

Gísli Björnsson Grettisgötu 8 upplýsti að tekjur sínar árið 1915 af atvinnu hafi verið 950 krónur. Nefndin tók skýrslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

5.

Jón Björnsson & Co upplýsti að nettótekjur verzlunarinnar árið 1915 hafi verið rúmlega Kr. 3499,47. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Fyrir kæranda mætti Einar Björnsson verzlunarstjóri.

6.

Páll Matthíasson skipstjóri upplýsti að tekjur sínar árið 1915 hafið verið Kr. 11151,00 auk lifrarpeninga, samtals tæp. 12000 Krónur. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

7.

Sigurjón Sigurðsson trésmiður upplýsti að atvinnutekjur sínar árið 1915 hafi verið Kr. 2850,00. Nefndin tók skýrslu kæranda, gilda, og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

8.

Margrét Zoëga ekkjufrú upplýsti að atvinnutekjur sínar árið 1915 hafi verið 1000 Krónur. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9.

Einar Einarsson frá Flekkudal, skipstjóri, Hverfisgötu 72, upplýsti, að atvinnutekjur sínar árið 1915 hafi verið 500 krónur og eignartekjur Kr. 550.00 Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

10.

Jón Jónsson, Vatnsstíg 16A upplýsti, að eignartekjur þær, er hann hafi talið fram séu af húseign sinni. Fer fram á að eignartekjur sínar séu feldar burtu vegna þessa misskilnings. Nefndin telur rétt að fella burtu eignartekjur kæranda og ~~breytist~~ skattaskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

11.

Tómas Tómasson, ölgerðarmaður kærir yfir því að hann sé talinn bæði á Bræðraborgarstíg 22B og Njálsgötu 21B, en hann hafi flutt frá fyrri staðnum til síðari staðarins á árinu. Nafn hans á fyrri staðnum strykist út. Kærandi mætti sjálfur.

12.

Finnbogi Finnbogason, skipstjóri, upplýsir, að tekjur sínar árið 1915 hafi verið 2000 krónur. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda, og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

13.

Júlíus Halldórsson, fyrverandi héraðslæknir upplýsir að hann hafi engar tekjur hafi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af eign umfram vexti af veðskuldum.
Eftir nánari viðtali við kæranda þótti rétt að ákveða eignartekjur hans Kr. 112.00 og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

14.

Hákon Grímsson, Brekkustíg 14 upplýsti að tekjur sínar árið 1915 hafi verið Kr. 917.00.
√ Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

15.

Angantýr Hróbjartsson. Brekkastíg 14 upplýsti að tekjur sínar árið 1915 hafi verið Kr. 1000.00.
√ Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

16.

Magnús Þorkelsson, Stóra-Skipholti upplýsti, að tekjur sínar árið 1915 hafi verið 900 Krónur. Nefndin ~~tók~~ tók skýrslu kæranda gilda
√ og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

17.

Jón Guðmundsson, Hverfisgötu 65 upplýsti að tekjur sínar árið 1915 hafi verið 1000
√ Krónur. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.

Guðjón Guðmundsson, Njálsgötu 19.
Hann kveðst af misskilningi hafa gefið upp 250 króna eignatekjur; sem það tekjur af húseign. Nefndin telur rétt að fella burt af skránni eignartekjur kæranda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

19.

Hjörtur Guðbrandsson, Njálsgötu 26.
Hann kveðst af misskilningi hafa gefið upp 150 krónur eignartekjur sem það tekjur af húseign. Nefndin telur rétt að fella burt af skránni eignartekjur kæranda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti sjálfur.

20.

Þórhallur Bjarnarsen, biskup telur tekjur af jörð sinni Laufási ekki nema meiru en vöxtum af lánum teknum til ræktunar landsins. Nefndin getur ekki fallist á mat kæranda á eftirgjaldi eftir jörðina, en telur rétt að fengnum upplýsingum að færa eignartekjur kæranda niður í Kr. 680.00, og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

21.

Carl Sæmundsson & Co telur ranglega lagðan á sig tekjuskatt þar sem firmað eigi ekki heima í Reykjavík. Nefndin telur skýrslu þessa ekki rétta, þar sem m. a. stendur prentað á bréfi kæranda að heimili firmans sé

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

„Reykjavík Iceland". Kæran ekki tekin til greina og verður skattskráin því óbreytt hvað kæranda snertir. Fyrir kæranda mætti Guðm. Ólafsson yfirdómslögmaður.

22.

M. C. Schmidt, Laugaveg 17, hefir sent nefndinni erindi um skatt sinn. Nefndin telur eigi næga ástæðu samkvæmt erindi þessu til að breyta skattskránni hvað kæranda snertir; verður skráin því óbreytt að því leyti. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

23.

Carl Schepler, í kaupmannahöfn fyrir hönd Smjörhússins telur nettótekjur Smjörhússins hafa verið árið 1915 kr. 174,55. Nefndin telur reikninga þá, sem kærunni fylgja ófullnægjandi, og telur sér því eigi fært að taka kæruna til greina. Verður því skattskráin óbreytt hvað Smjörhúsið snertir. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

24.

Björn Þórðarson, cand. juris, upplýsir að tekjur sínar árið 1915 hafi verið nettó kr. 2620.00 Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

25

Jóhann Teitur Egilsson, Bergstaðastræti 40

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

óskar að eignartekjur sínar séu færðar niður í 5 krónur. Nefndin getur ekki tekið kæru þessa til greina og verður skattskráin því óbreytt hvað kæranda snertir. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

26.

Ragnheiður Jensdóttir, Laufásveg 31 kærir yfir því að henni séu reiknaðar 16 kr. eignarskattur af kr. 350.00 í stað 14. Þetta er rétt og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hennar hönd.

27.

N. B. Nielsen, kaupmaður upplýsir að tekjur sínar árið 1915 hafi verið kr. 5354,00. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

28.

Gunnar Sörensen, jelstjóri, Gjótagötu 5 upplýsir að tekjur sínar árið 1915 hafi verið kr. 1340,29. Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin samkvæmt því. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd.

29.

Þórarinn Þorsteinsson telur tekjur sínar árið 1915 hafa verið kr. 2200.00. Bætist nafn hans á skrána með kr. 2200.00 atvinnutekjur og breytist skráin samkvæmt þessu.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Einar Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1917, mánudaginn 29. október, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Var tekið fyrir: að semja skrá yfir eigna- og atvinnutekjur í Reykjavík 1916 og tekjuskatt 1917.

Nefndin hafði boðað skattgreiðendur til fundar skv. 13. gr. l. 14. des. 1877 með fyrirvara þeim, sem fyrirskipaður er í reglugerð 15. maí 1878. Var fundurinn haldinn á bæjarþingsstofunni 20. þ.m. Á fundinn komu 13 skattgreiðendur og gáfu upp tekjur sínar. Auk þess hafa nokkrir skattgreiðendur gefið upp tekjur sínar í tæka tíð á annan hátt.

Nefndin fundinum slitið kl. 3 f. h. næsta dag.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1917, þriðjudaginn 30. október, kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Allir á fundi.

Haldið áfram samningu skattskrárinnar.

Sunnudaginn 4. nóv. sömuleiðis

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 5. nóv. sömuleiðis

Þriðjudaginn 6. nóv. sömuleiðis. Var þá lokið samningu frumvarps að skattskránni. Verður hún undirskrifuð þegar lokið er við hreinskrift skrárinnar.

Fleira gjörðist ekki. –

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1917, laugardaginn 22. des., kom skattanefndin saman á fund á bæjarþingsstofunni. Allir á fundi.

Tekið fyrir að úrskurða kærur, sem nefndinni hafa borist yfir tekjuskattskránni. Alls hafa nefndinni borist 54 kærubréf. Á fundinum höfðu verið kvaddir skriflega allir þeir, er kært höfðu. Féllu úrskurðir sem hér segir:

1.

<u>Alexander Jóhannesson</u> Lindargötu 6.

x Nefndin vill taka skýrslu kæranda gilda og ber að stryka nafn kæranda af skattskránni. Kærandi mætti sjálfur.

2.

<u>Arnbjörn Jónsson</u> Hverfisgötu 58.

x Nefndin tók skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin þannig, að tekjur kæranda ákveðist kr. 1445.00. Kærandi mætti sjálfur.

3.

<u>Björn Jónsson</u> vélstjóri, Skólavörðustíg 27.

x Nefndin tók skýrslu kæranda gilda um að tekjur hans 1916 hafi verið kr. 1300.00 í kaup

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

auk fæðis. Breytist skattskráin þannig, að kæranda sjeu gerðar kr. 2000,00 atvinnutekjur og engar eignatekjur.

4.

Böðvar Jónsson Smiðjustíg 4.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1800 króna atvinnutekjur.

5.

Einar Einarsson Bakkastíg 5 áður Skálholti.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1600 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

6.

Erlendur Hjartarson, Vesturgötu 46.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1900 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

7.

Eyjólfur Eyjólfsson, Vesturgötu 26A.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1500 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Eyjólfur Guðbrandsson Njálsgötu 26.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda verði gerðar 1400 króna atvinnutekjur.

9.

Finnur Finnsson Vesturgötu 41.

Að fengnum upplýsingum kæranda ákveðst að skattskráin skuli standa óbreytt. Kærandi mætti sjálfur.

10.

Gunnar Hákonarson Bukkustig 14.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda verði gerðar 1500 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

11.

Guðjón Guðmundsson Grettisgötu 48.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda verði gerðar 2400 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

12.

Guðleifur Hjörleifsson Bræðraborgarstig 4.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda verði gerðar 1400 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Guðmundur Helgason Vitastíg 17.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að atvinnutekjur kæranda sjeu gerðar 1200 krónur. Kærandi mætti sjálfur.

14.

Guðmundur Þorvarðsson Laufásveg 3.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1725 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

15.

Halldór Þorsteinsson skipstjóri.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 60.000 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

16

Hjörtur Guðbrandsson Mýrargötu 1.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1800 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

17.

Ísleifur Jakobsson Vesturgötu 25.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1200 króna

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

18.

M. E. Jessen, vélstjóraskólastjóri

Að fengnum upplýsingum kæranda tekur nefndin skýrslu kæranda til greina og breytist skattskráin þannig, að kæranda verði gerðar 4450 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

19.

Jón Bjarnason Grettisgötu 49.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rétt að breyta skattskránni og strykist nafn kæranda af skránni. Kærandi mætti sjálfur.

20.

Jón Halldórsson, Skólavörðustíg 29 a.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1200 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

21.

Jón Hjartarson Suðurgötu 8.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 3050 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

22.

Jón Jónsson Kárastíg 5.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breyt-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ist hún þannig, að karanda sjeu gerðar 1400 króna atvinnutekjur. Karandi mætti sjálfur.

23.

Jón Kristmundsson Baldursgötu 1.

Að fengnum upplýsingum karanda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að karanda sjeu gerðar 1500 króna atvinnutekjur. Karandi mætti sjálfur.

24.

Jón Ólafsson Vegamótastíg 9. (áður Pálshúsum)

Að fengnum upplýsingum karanda telur nefndin rjett að taka skýrslu karanda gilda og breytist skattskráin þannig, að karanda sjeu gerðar 1623 króna atvinnutekjur. Karandi mætti sjálfur.

25.

Kristinn Guðmundsson Njálsgötu 26.

Að fengnum upplýsingum karanda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að eignatekjur karanda sjeu gerðar 50 krónur en atvinnu tekju skattur fellur burt. Karandi mætti sjálfur.

26.

Loftur Loftsson Lækjargötu 4.

Að fengnum upplýsingum karanda um að hann greiði tekjuskatt á Akranesi ákveðst að breyta skattskránni þannig, að nafn karanda strykist af skránni. Karandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27.

Magnús Árnason Frakkastíg 12.

Nefndin tekur skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin þannig, að kæranda sjeu gerðar 1200 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

28.

Magnús Magnússon Ingólfsstræti 8.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 12000 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

29.

Sigurjón Mýrdal Frakkastíg 15.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 4000 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

30.

A. Obenhaupt kaupmaður.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 500 króna eignatekjur. Kærandi mætti sjálfur.

31.

Páll Bjarnason Grettisgötu 49.

Nefndin tekur skýrslu kæranda gilda og breytist skattskráin þannig, að nafn kæranda strykist af skránni. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

32.

Páll Jónsson Baldursgötu 1.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1500 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

33.

Kristján Schram Stýrimannastíg 8.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1600 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

34.

Fyrir Sigurð Halldórsson, Lindarg. 36 (áður Finnbogahúsi) mætti faðir hans, Halldór Sigurðsson. Að fengnum upplýsingum mætta telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að nafn kæranda strykist af skránni.

35.

Sigurður Þorkelsson Stýrimannastíg 8b.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1900 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

36.

Sigurjón Jónsson Laugaveg 50b.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1600 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37.

Steingrímur Steingrímsson. Klöpp.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1200 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

38.

Þorbjörn Guðjónsson Lindargötu 8.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1800 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

39.

Þorsteinn Sigurðsson. Lindargötu 17.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1700 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

40.

Þórður Jónsson úrsmiður Aðalstræti 9.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að kæranda sjeu gerðar 1500 króna atvinnutekjur og 500 króna eignatekjur. Kærandi mætti sjálfur.

41.

Egill Ólafsson Njálsgötu 40 B.

Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig, að ~~kæranda~~ sjeu gerðar 1600 króna atvinnutekjur. Kærandi mætti sjálfur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

42.

Björn Kristjánsson bankastjóri.

x Að fengnum upplýsingum kæranda telur nefndin rjett að breyta skattskránni og breytist hún þannig að eignatekjur kæranda falli burt. Kærandi mætti sjálfur.

43.

Kæra Bjarna Þórðarsonar frá Reykhólum ekki tekin til greina með því tekjur þar er
/ kæranda eru gerðar eru bygðar á upplýsingum skattanefnda í þeim sveitum sem eignirnar liggja.

44.

x Eftir kæru ~~Skúla Jónssonar~~ strykast dánarbú Elínar Jónsdóttir af skránni.

45.

x Skýrsla Friðriks Klemenzsonar tekin gild og breytist skattskráin þannig, að kæranda sjeu gerðar 1350 króna atvinnutekjur.

46.

x Útaf kæru Guðmundar Davíðssonar Frakkastíg 12 var ákveðið að breyta skattskránni þannig, að honum sjeu gerðar 1400 króna atvinnutekjur.

47.

x Skýrsla Haraldar Böðvarssonar kaupmanns tekin gild og breytist skattskráin þannig, að kæranda verði gerðar 7000 króna atvinnutekjur.

48.

x Samkvæmt kæru Ó. J. Hvanndal, Lindargötu 1B ber að setja hann á skattskrána með 1400 króna atvinnutekjur.

49.

x Nefndin telur ekki ástæðu til að taka kæru Metúsalems Jóhannessonar til greina.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

50.

Skýrsla Ólafs Guðnasonar Barónsstíg 12. tekin gild og breytist skattskráin þannig, að kæranda sjeu gerðar 1200 króna atvinnutekjur

51.

Útaf kæru Ólafs Péturssonar Njálsgötu 6 ákveðið að breyta skattskránni þannig, að honum sjeu gerðar 1900 króna atvinnutekjur.

52.

Skýrsla Pjeturs Hanssonar Grettisgötu 41. tekin gild og ber að stryka eignatekjur hans af skattskránni.

53.

Skýrsla Emil Rokstads, Bjarmalandi tekin gild og breytist skattskráin þannig, að kæranda sjeu gerðar 15000 króna atvinnutekjur.

54.

Útaf kæru Sigurðar Grímssonar Hlíðarhúsum ákveðið að breyta skattskránni þannig, að nafn hans strykist af skránni.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Ásmundur Björnsson

Ár 1918, föstudaginn 15. febrúar kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra.

Borgarstjóri lagði fram erindi P. A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ólafssonar dags. 16. f.m. um að hann verði strykaður út af tekjuskattsskránni. Með tilliti til ástæðna þeirra sem greinir í bréfinu vill nefndin fyrir sitt leyti færa upphæð þá, er honum ber að greiða tekjuskatt af niður í 16.000 krónur, ef stjórnarráðið vill samþykkja þessa breytingu á skránni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason. Sveinn Björnsson

Ár 1918, miðvikudaginn 20. febrúar, kom skattanefndin saman á skrifstofu Sighvats Bjarnasonar í Íslandsbanka. Allir á fundi.

Borgarstjóri lagði fram bréf bæjarfógeta dags. 18. þ.m. þar sem bæjarfógeti tilkynnir að endurskoðun stjórnarráðsins hafi gert athugasemd við tekjuskattsreikninginn 1916 útaf því að ýms félög hafi ekki verið talin á tekjuskattsskrá fyrir 1916.

Nefndin svarar því svo:

Eimskipafélag Íslands byrjaði eigi starfrækslu fyr en árið 1915, hafði engan atvinnurekstur hér árið 1914.

Sameinaða gufuskipafélagið hefir hingað til ekki verið talið reka hér atvinnu, sem skattskyld væri til tekjuskatts. Félag þetta hefir um mörg ártugi, alt síðan l. 1877 voru sett, rekið hér samskonar viðskifti, sem árið 1914 án þess að því hafi verið gert að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greiða tekjuskatt. Þótti nefndinni ekki nægar ástæður, er tekjuskattsskráin 1916 var samin, til að taka upp nýbreytni í þessu efni.

Fiskiveiðahlutafélögin Braga, Ísland, Kveldúlf, Njörð og Ægi hefir nefndin talið óheimilt að láta þá greiða tekjuskatt af atvinnu skv. síðasta lið 5. gr. l. 1877 og, ef til vill, 8. gr. sömu laga. Er þetta í samræmi við úrskurð skattanefndar 29. nóv. 1911, sem enn stendur óhaggaður og stjórnarráðið hefir eigi fyrr gert athugavert við. Enda mun alþingi, er það á síðastliðnu sumri gerði breytingu á tekjuskattslögunum, hafa verið sömu skoðunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið

K. Zimsen. Sighvatur Bjarnason Sveinn Björnsson

Ár 1918, dagana 14-26 oktober, hélt skattanefndin fundi á skrifstofu borgarstjóra, þrír nær daglega og vann að samningu skrár yfir eignar- og atvinnutekjur í Reykjavík 1918 og tekjuskatt 1919.

Samkv. 13. gr. l. nr. 23. 14. des. 1877 hafði nefndin boðað skattgreiðendur á fund, með lögskipuðum fyrirvara. Var sá fundur haldinn á bæjarþingsstofunni miðvikudaginn 9. okt. kl. 1 síðdegis og mættu þar nokkrir menn og töldu fram tekjur sínar. Auk þess höfðu margir menn sent skattanefndinni skýrslu um tekjur sínar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá 28. október

Vegna veikinda nefndarmanna (influenza) allan nóvembermánuð og fram í desember og vegna margskonar anna eftir influenzuveikina gat nefndin ekki komið saman á fund aftur fyr en 4. janúar 1919.

4. janúar var setið á fundi frá kl. 5-8 og 9-1 síðd.
6. janúar — — — — — kl. 5-9
8. janúar — — — — — kl. 9-12

9. janúar var enn haldinn fundur í skattanefndinni kl. 9-12½ og var þá lokið við samningu skattskrárinnar að öðru leyti en því, að eftir er að reikna út skattinn að nokkru leyti. Var formanni falið að ganga frá útreikningi skattsins og verður skráin síðan lögð fram.

K. Zimsen. Jón Ólafsson. [signature]

Ár 1919, Miðvikudaginn 5. Febr. kl. 5 síðd., kom skattanefndin saman á skrifstofu borgarstjóra. Voru framlagðar 66 kærur yfir tekjuskatti, og voru þar yfir farnar og 29 af þeim teknar þegar til greina. En ákveðið að halda fund með hinum kærendunum og formanni skattanefndar falið að ákveða fundartíma og tilkynna hlutaðeigendum.

Úrskurðir á framan greindum 29 kærum féll á þessa leið:

1.

B. H. Bjarnason kaupmaður telur fram atvinnutekjur sínar kr. 19957.35 að frádregnum kostnaði kr. 6508.48, eða nettó kr. 13448.87. Nefndin tekur framtal þetta gilt og breytist skattskráin samkvæmt því, þannig að þessum skattgreiðanda beri að greiða tekjuskatt af kr. 13448.87 (13400.00).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

P. O. Christensen, lyfsali hefir gjört nefndinni grein fyrir, að netto-tekjur hans árið 1917 hafi verið Kr. 23461.75, og breytist skattskráin samkvæmt því.

3.

Gísli Magnússon, Grjótagötu 12 telur að tekjur sínar árið 1917 hafi verið Kr. 1125.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

4.

Guðbrandur Hákonarson, vjelstjóri, Brekkustíg 14. Nefndin felst á að telja atvinnutekjur þessa skattgreiðanda árið 1917 Kr. 1100.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

5.

Guðm. Kr. Guðjónsson, verslunarmaður, Hverfisgötu 67 telur fram Kr. 1330.00 atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því.

6.

Guðm. Norðfj. Guðmundsson, Nýlendugötu 11 a hefir gefið skýrslu um, að atvinnutekjur hans hafi verið 1680 Krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

7.

Guðm. Guðmundsson, skipstjóri, Vesturgötu 22. Skattanefndin tekur til greina skýrslu h/f Kveldúlfs um að tekjur þessa skattgreiðanda á b/s Snorra Sturlusyni hafi árið 1917 verið Kr. 12266.17 og breytist skattskráin samkvæmt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8.

Guðm. R. Magnússon, bakari, Bræðraborgarstíg 1. Með því að sannað er fyrir nefndinni að tekjur hans hafi árið 1917 ekki numið meiru en 1000 krónum ber að taka nafn hans burt af skattskrá.

9.

Halldór Danielsson, yfirdómari hefir gefið skýrslu um að eignartekjur hans hafi árið 1917 verið Kr. 1420.00, en kostnaður Kr. 218.50 og skattskyldar tekjur þannig Kr. 1201.50. Skattskráin breytist samkvæmt því þannig, að skatturinn af eignartekjum teljist af 1200 krónum, en skattur af atvinnutekjum verður óbreyttur af 4000 krónum.

10.

Halldór Ó. Sigurðsson, Lindargötu 36 ber að nema burt af skattskrá þarsem tekjur hans hafa aðeins verið 900 krónur.

11.

Hjálmtýr Sigurðsson, kaupmaður, hefir gefið skýrslu um að atvinnutekjur hans hafi verið Kr. 5152.00 árið 1917 og breytist skattskráin samkvæmt því. Eignartekjur hans verða óbreyttar Kr. 1300.00.

12.

Jóhann Björnsson, Bakkastíg 5. Samkvæmt skýrslu hans hafa atvinnutekjur hans verið 900 krónur árið 1917 og ber því að nema nafn hans burt af skattskrá.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Jón Jónsson. Vatnsstíg 16a. Atvinnutekjur hans hafa ekki numið 1000 krónum árið 1917 og ber því að nema nafn hans af skattskrá.

14.

Jón Sigurðsson, Frakkastíg 15. Nefndin tekur gilda skýrslu hans um að atvinnutekjur hans hafi árið 1917 verið 1200 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

15.

Kristján Jónsson, Njálsgötu 19. Nefndin tekur gilda skýrslu hans um að atvinnutekjur hans hafi árið 1917 verið 1200 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

16.

P. O. Lövold, Skólavörðustíg 10 telur fram atvinnutekjur kr. 1747.39 og breytist skattskráin samkvæmt því.

17.

Magnús Júlíusson læknir telur fram eignatekjur kr. 332.76 og atvinnutekjur kr. 2934.65. Nefndin tekur gilt framtal þetta og breytist skattskráin samkvæmt því.

18.

Magnús Kristjánsson forstjóri landsverzlunarinnar krefst þess, að nafn hans verði numið burt af ~~kjör~~ skattskrá, þar sem hann eigi heimili

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á Akureyri og sje talinn til skatts þar. Leggur hann fram vottorð bæjarfógetans á Akureyri um að svo sje og getur skattanefndin eftir atvikum fallist á að nema nafn hans burt af skattskrá hjer.

19.

Magnús Sveinsson, Hverfisgötu 68a gefur skýrslu um að tekjur hans hafi verið 1500 krónur, en skattanefndin hefir áætlað tekjur hans einmitt með þeirri upphæð og verður skattskráin því óbreytt hvað þenna skattgreiðanda snertir.

20.

Nathan & Olsen umboðsverslun kvartar yfir því að firmann sje gjört að greiða tekjuskatt og þar sem firmað sje sameignarfjelag og ágóða af rekstrinum hafi verið skift jafnt milli sameignarmanna, þeirra Carls Olsens, John Fengers og Fr. Nathans, sem er búsettur í Kaupmannahöfn. Hafi hver þeirra þriggja á árinu 1917 borið úr býtum Kr. 37768.06. Krefst firmað þess, að það verði losað við að greiða tekjuskatt, en að þeir tveir eigendur, sem hjer eru búsettir verði látnir greiða skatt af sínum tekjum, hvor í sinu lagi, og getur þess jafnframt að Fr. Nathan greiði skatt af sínum tekjum í Kaupmannahöfn, þar sem hann er búsettur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skattanefndin getur fallist á að þeim Carl Olsen og John Fenger sje gjört að greiða skatt, hvorum um sig af kr. 37768.06, en firmað Nathan & Olsen verður hinsvegar ekki losað við að greiða tekjuskatt af þeim hluta teknanna, sem ekki renna til manna, búsettra á Íslandi.

Því úrskurðast:

a. Atvinnutekjur firmans Nathan & Olsens skal telja kr. 37768.06.

b. Atvinnutekjur Carl Olsens skal telja kr. 37768.06 og

c. Atvinnutekjur John Fengers skal telja kr. 37768.06

og breytist skattskráin samkvæmt því.

21.

Oddur Helgason, Hlíðarhúsum. Nefndin tekur gilt framtal hans um að atvinnutekjur hans hafi verið kr. 1250.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

22.

Ólafur Benjamínsson, Aðalstræti 9 telur fram kr. 12128.64 atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því.

23.

Ólafur Bjarnason, Vitastíg 7 telur fram 1400 króna atvinnutekjur og breytist skattskráin samkvæmt því.

24.

Páll Bjarnason, Grettisgötu 49. Nefndin fellst á að nema nafn hans burt af skattskrá með

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

því að tekjur hans hafa ekki numið meiru en 1000 krónum.

25.

C. J. J. L. Ryden, kaupmaður, gefur skýrslu um að tekjur hans hafi verið 2500 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

26.

Sigurbjarni Guðnason, tjelstjóri, Frakkastíg 4. Skattanefndin felst á kröfu Sigríðar Kristinsdóttur um að nema nafn hans burt af skattskrá.

27.

Sigurður Halldórsson, Lindargötu 36. Nefndin tekur gilda skýrslu hans um að atvinnutekjur hans hafi aðeins verið 800 krónur og strykast nafn hans út af skattskrá.

28.

Sigurður Jónsson, Klapparstíg 1 c. Nafn hans strykast út af skattskrá með því að atvinnutekjur hans námu ekki 1000 krónum.

29.

Þorvaldur Ingimundarson, Laugaveg 22. B. Nefndin tekur gilda skýrslu hans um, að atvinnutekjur hans hafi verið aðeins 1000 krónur og strykast nafn hans út af ~~kjörskrá~~ skattskrá.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Ólafsson Sigvaldi Bjarnason(?)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1919 mánudag 17. febrúar var fundur haldinn á skrifstofu borgarstjóra til að úrskurða kærur yfir tekjuskattskrá, en fundurinn varð ekki haldinn fyr vegna veikinda borgarstjóra.

Á fundinn höfðu skriflega verið kvaddir 14 kærendur og tók skattanefndin kærur þeirra til meðferðar og úrskurðaði á þessa leið:

1.

David Ólafsson, bakari krefst þess að skattur hans verði færði niður svo að hann verði ekki hærri en undanfarið ár. Kærandi mætti ekki og hefir ekki lagt fram nein þau gögn, er sanni að tekjur hans sje of hátt áætlaður. Því úrskurðast að skattskráin skuli óbreytt vera hvað þenna kæranda snertir.

2.

Gísli Björnsson, Grettisgötu 8. Kærandi mætti sjálfur og samkvæmt skýrslu hans úrskurðast að eignartekjur hans skuli telja 550 krónur og atvinnutekjur 800 krónur.

3.

Guðjón Gamalíelsson, Njálsgötu 33a. Kærandi mætti ekki, en nefndin tók til greina kæru hans og úrskurðaði ~~af~~ að fella burt eignaskatt þann, sem honum er gjörður. Skráin verður óbreytt hvað atvinnutekjur kæranda snertir.

4.

Jón Stefánsson, skósmiður mætti sjálfur og gaf skýrslu um tekjur sínar. Það úrskurðast, að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

telja skuli atvinnutekjur hans 5000 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

5.

Jón G. Bjarnason, Grettisgötu mætti sjálfur. Nefndin tók til greina skýrslu hans um að atvinnutekjur hans hefðu verið 1200 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

6.

Magnús Guðmundsson, Grettisgötu 8. Kærandi mætti sjálfur og gaf nefndinni skýrslu um hag sinn og tekjur. Það úrskurðast, að telja skuli eignartekjur hans 290 krónur og atvinnutekjur 1200 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

7.

O. J. Malmberg, yfirsmiður. Kærandi mætti ekki, en samkvæmt upplýsingum, sem nefndin hefir fengið úrskurðast að taka skuli kæru hans til greina og telja atvinnutekjur hans 5000 krónur. Breytist skattskráin samkvæmt því.

8.

Methúsalem Jóhannsson, Þingholtsstræti. Kærandi mætti sjálfur og lagði fram skilríki fyrir því, að atvinnutekjur hans hafi árið 1917 verið Kr. 2753.67. Breytist skattskráin samkvæmt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pjetur Þórðarson. Klapparstíg 24. Kærandi mætti ekki, en í kæru sinni krefst hann þess, að atvinnutekjur hans verði taldar 1200 krónur. Nefndin getur ekki fallist á að krafan sje á rökum bygð, en úrskurðar, að atvinnutekjur hans skuli telja 3200 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

10.

Sigurjón Jónsson, Vesturgötu 10 krefst þess, að felldur verði burtu skattur, sem honum er gjörður af eign. Kærandi mætti ekki og hefir ekki gefið skattanefnd neina skýrslu, sem hún geti bygt á; fullyrðir aðeins í kærunni að hann hafi engar eignartekjur haft. Það úrskurðast að skattskráin skuli óbreytt hvað þenna skattgreiðanda snertir.

11.

Sigurður Jónsson atvinnumálaráðherra. Kærandi mætti ekki. Nefndin getur ekki tekið kæruna til greina og verður skattskráin óbreytt hvað þenna kæranda snertir.

12.

Þórður Erlendsson. Vitastíg 8. Kærandi mætti sjálfur og gaf nefndinni skýrslu um tekjur sínar. Það úrskurðast að tekjur hans skuli telja 1500 krónur og breytist skattskráin samkvæmt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13.

Þorleifur Andrjesson. Barónsstíg 14. Kærandi mætti sjálfur og gaf skýrslu um tekjur sínar. Það úrskurðast, að telja skuli eignartekjur hans 765 krónur og atvinnutekjur 3000 krónur. Breytist skattskráin samkvæmt því.

14.

Carla Olsen, Austurstræti. Kærandi mætti ekki, en hafði sent útdrátt úr verslunarreikningi sínum. Skattanefndin óskar frekari upplýsinga og var þessari kæru því frestað til næsta fundar, sem verður miðvikudag 19. febrúar.

Fleira gjörðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Ólafsson Sveinn Björnsson.

Ár 1919 miðvikudag 19. febrúar hjelt skattanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra til að úrskurða kærur yfir skattskrá. 23 kærendum hafði verið boðað á fundinn brjeflega og tók nefndin fyrir kærur þeirra og úrskurðaði á þessa ~~þa~~ leið:

1.

Ásmundi Árnason kaupmaður mætti sjálfur og lagði fram skýrslu um verslunaratvinnu sína. Úrskurðaði nefndin að atvinnutekjur hans skuli taldar Kr. 12500.oo og breytist skattskráin samkvæmt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2.

J. Jensen-Bjerg kaupmaður mætti sjálfur og lagði fram status-reikning. Tók nefndin gilt framtal hans og úrskurðaði að telja skuli atvinnutekjur hans Kr. 33940.76 og breytist skattskráin samkvæmt því.

3.

Borgþór Jósefsson, bæjargjaldkeri mætti sjálfur. Nefndin úrskurðaði, að skattskráin skyldi óbreytt hvað þenna kæranda snertir.

4.

Clausensbræður, heildsöluverzlun. Enginn mætti fyrir hönd firmans, en skattanefndinni höfðu verið sendir nokkrir innkaupa-reikningar. Gat nefndin ekkert af þeim ráðið um tekjur firmans og úrskurðaði að atvinnutekjur þess skuli telja 25000 krónur, eins og á skattskránni og tekjuskatt skuli reikna af þeirri upphæð.

5.

H. P. Duus, verzlun. Fyrir hönd firmans mætti Jakob Jónsson, verzlunarstjóri og gaf skýrslu um tekjur þess 1917. - Úrskurðaði nefndin að telja skuli tekjur firmans Kr. 22900.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

6.

Andrjes Guðmundsson, heildsöluverzlun. Fyrir firmað mætti S. Svavars og gaf nefndinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrslu. Úrskurðað að telja tekjur firmans kr. 38000.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

7.

Haraldur Böðvarsson, útgerðarmaður. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd. Með því að skattanefndin í Miðneshreppi hefir skýrt frá því, að hún hafi áætlað tekjur hans af eign í Sandgerði kr. 5800.00 getur nefndin ekki fallist á að telja þær minni, þar sem engin gögn eru fyrir hendi til að sanna, að fullyrðing kæranda um að þessi áætlun sje byggð á misskilningi, sje rjett. – Skattanefndin úrskurðar því, að skattskráin skuli óbreytt hvað þennan kæranda snertir.

8.

Jóhann Þgm. Oddsson, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur. Úrskurðað að telja skuli tekjur hans kr. 6000.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

9.

Jón Bjarnason, kaupmaður. Kærandi mætti ekki og enginn fyrir hans hönd, en sent hafði hann nefndinni skýrslu um tekjur sínar, sem nefndin gat þó ekki tekið til greina og úrskurðaði hún að skattskráin skyldi óbreytt hvað þennan kæranda snertir.

10.

Jón Björnsson, kaupmaður hafði kært yfir skattskrá bæði fyrir sjálfan sig og Jón Björnsson & Co.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin úrskurðaði, að telja skuli tekjur
Jóns Björnssonar Kr. 16000.00 og
Jóns Björnssonar & Co. - 5000.00
og breytist skattskráin samkvæmt því.

10.

Kristín Þorvaldsdóttir, kaupmaður. Kærandi mætti sjálf. Nefndin úrskurðaði að telja skuli tekjur hennar Kr. 4605.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

11.

Loftur Loftsson, útgerðarmaður. Fyrir kæranda mætti Guðm. Sæmundsson. - Það er upplýst, að kærandi er talinn á skattskrá í Ytri-Akranesshreppi og ber því að nema nafn hans burt af skattskrá hjer.

12.

Marteinn Einarsson, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur og lagði fram reikningsútdrátt. Nefndin úrskurðaði að telja skuli atvinnutekjur hans Kr. 12000.00, en eignartekjur engar. Breytist skattskráin samkvæmt því.

13.

Carla Olsen, Austurstræti. Kærandi mætti sjálf. Úrskurðað að telja tekjur hennar Kr. 4654.89 og breytist skattskráin samkvæmt því.

14.

N. B. Nielsen, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur. Úrskurðað að telja atvinnutekjur hans Kr. 16109.11 og breytist skattskráin samkvæmt því.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15.

Hið íslenzka steinolíuhlutafjelag. Enginn mætti fyrir hönd kæranda, en fjelagið hafði sent útdrátt úr reikningi sínum árið 1917. Samkvæmt reikningnum eru nettó tekjur fjelagsins kr. 80618.68 og skattanefndin getur ekki fallist á, að neitt af þeim sje undanþegið skattgjaldi, þar sem ekki er upplýst, hve mikill hluti arðsins hafi verið greiddur innlendum hluthöfum. Skattskráin verður því óbreytt hvað þennan kæranda snertir.

16.

Emil Strand, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur. Úrskurðað að telja skuli tekjur hans kr. 13164.79 og breytist skattskráin samkvæmt því.

17.

Geir Thorsteinsson, útgerðarmaður. Kærandi mætti sjálfur. Úrskurðað að telja skuli tekjur hans kr. 5200.00 og breytist skattskráin samkvæmt því.

18.

Ingvar Thorsteinsson, skipstjóri. Eimskipafjelag Íslands krefst þess fyrir hönd hans, að nafn hans verði tekið burt af skattskrá, þar sem hann sje búsettur í Kaupmannahöfn. Skattanefndin getur ekki fallist á þetta, þar sem kærandi hefir haft tekjur sínar af atvinnu, sem rekin er hjer og með því að álíta verður, að tekjuupphæðin sje rjett áætluð með 12000 krónur úrskurð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ast. að skattskráin skuli óbreytt hvað þennan kæranda snertir.

19.

Geir Zoëga, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur og upplýsti, að hann væri ekki eigandi verzlunar Geir Zoëga, heldur móðir hans, sem situr í óskiftu búi. Ennfremur upplýsti hann, að netto tekjur verzlunarinnar hafi verið kr. 14228.00, en tekjur hans sjálfs aðeins kr. 2500.00.

Skattanefndin úrskurðaði að telja skuli ~~tekjur~~ atvinnutekjur

Geirs Zoëga ~~kaupmanns~~ kr. 2500.00
og frú Helgu Zoëga — — kr. 14228.00

Breytist skattskráin samkvæmt því.

20.

Hlutafjelagið Gutenberg. Enginn mætti. Frestað.

21.

Ísfjelagið við Faxaflóa. Fyrir kæranda mætti Erlendur Pjetursson. Frestað.

22.

Slippfjelagið. Fyrir kæranda mætti Þorsteinn Bjarnason. Frestað.

23.

Þorsteinn Jónsson, kaupmaður. Kærandi mætti sjálfur. Frestað.

Fleira gjörðist ekki. — Fundi slitið.

K. Zimsen. Jón Ólafsson. ~~Þorvaður Þorvarðsson~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, Laugardaginn 22. Febrúar, kl. 10 árd., hélt skattanefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. Var þá þetta tekið fyrir:

1.

<u>Hlutafélagið Gutenberg</u>. Hlutafélagið krefst þess, að nafn þess verði numið burt af skattskrá, þar sem allur arður af starfrækslunni renni til hluthafa, er búsettir eru á Íslandi. Nefndin lítur svo á, að samkv. Reglugjörð 15. maí 1878 fyrir skattanefndir o.s.frv. beri hlutafélögum og öðrum slíkum félögum að greiða skatt af því sem eftir verður af tekjuafganginum, þegar búið er að greiða arð til hluthafa, sem búsettir eru hér á landi. Á skattskránni eru tekjur ~~upphæð~~ H/f. Gutenberg tilfærðar með þeirri upphæð, sem eftir verður eftir að búið er að greiða hluthöfum arð, og úrskurðast því, að skattskráin skuli óbreytt hvað þennan skattgreiðanda snertir.

2.

<u>Ísfélagið við Faxaflóa</u>. Það hefir og krafist þess, að verða undanþegið tekjuskatti, en með skírskotun til úrskurðarins undir 1. lið úrskurðast að skattskráin skuli óbreytt hvað þennan skattgreiðanda snertir.

3.

<u>Slippfélagið</u>: Það hefir krafist þess, að verða undanþegið tekjuskatti. Með skírskotun til úrskurð- undir 1. lið og með því að félagið hefir ekki lagt

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fram neinn gögn, er sýni, að tekjurnar séu of hátt áætlaðar, úrskurðast, að skattskráin skuli vera óbreytt að því er þennan skattgreiðanda snertir.

4.

Hlutafélagið Kol og salt. Fyrir hönd félagsins mætti Böðvar Kristjánsson framkvæmdarstjóri, og krafðist þess, að félagið yrði numið burt af skattskrá, þar sem allur arðurinn rennur til innlendra hluthafa, eða til vara, að skatturinn yrði reiknaður af Kr. 32,488.87 og lagði fram reikning félagsins, er sýnir, að nettoarður félagsins hafi numið þessari upphæð eftir að hluthöfum hafði verið greiddur arður. Með skírskotun til ~~þessa liðs~~ b. liðs, úrskurðast að ~~tekjum~~ ~~af~~ tekjuskattur skuli greiða af þessari upphæð, og breytist skattskráin samkvæmt því.

7 5.

Helgi Magnússon & Co. Eftir ósk nefndarinnar mætti Kjartan Gunnlaugsson framkvæmdarstjóri firmans og tjáði nefndinni honum, að hún mundi taka firmað á skattskrá sem sérstakan skattgreiðanda. Mætti mótmælti því, að þetta væri lögum samkvæmt, þar sem allur arður rynni til innlendra manna, en upplýsti hins vegar, að á árinu 1917 hefði 6000 kr. af arði firmans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki verið úthlutað. Jafnframt upplýsti mætti, að tekjur hans sjálfs og Helga Magnússonar ekki hefðu verið meir en 7000 kr. hvors þeirra, enda þótt þeir hefðu ekki kært yfir því, að þar voru áætlaðar hærra á skattskránni með tilliti til þess, að ekki var talinn skattur af íhlut þeirra í félaginu, sem ekki var útborgaður. Nefndin úrskurðaði með hliðsjón af 1. lið,, að reikna skuli tekjur: #

| | | |
|---|---|---|
| Helga Magnússonar & Co. | Kr. | 6000.00 |
| Helga Magnússonar járnsmiðs | — | 7000.00 |
| Kjartans Gunnlaugssonar | — | 7000.00 |

6

<u>Þorsteinn Jónsson kaupmaður</u>, krefst þess, að nafn hans verði numið burt af skattskrá með því að hann sé talinn á skattskrá Seyðisfjarðarkaupstaðar, enda hafi átt þar heimili til október síðastl. Nefndin úrskurðar að breyta skattskránni samkv. því.

7.

<u>Jón Tómasson Grímsstaðaholti</u> beiðist leiðréttingar á því, að hann hafi talið fram tekjur af eign í staðinn fyrir af atvinnu. Nefndin úrskurðar, að tekjur skuli atvinnu hans Kr. 1200.00, en eignatekjur engar og breytist skattskráin samkv. því.

8.

<u>Sigurður Helgason</u>, áður á Njálsgötu 34, upplýsir fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nefndinni, að hann eigi ekki heimili á Reykjavík, og úrskurðar nefndin að nema burt af skattskránni nafn hans og konu hans Guðbjargar Jónsdóttur frá Kollabæ, og breytist skattskráin samkv. því.

Fleiri kærur yfir skattskrá 1919 liggja ekki fyrir, og er starfi nefndarinnar að þessu sinni því lokið

K. Zimsen. Jón Ólafsson. Sigurður Guðmundsson

Ár 1919, þriðjudaginn 28. Október, kl. 7 síðd., kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, en áður hafði, síðan um miðjan September, verið unnið að undirbúningi skattskrárinnar. Hafði öllum skattgreiðendum verið send eyðublöð, til að gefa upp tekjur sínar og hafa svörin, sem komin eru, nú verið skrásett, svo og aðrar upplýsingar um tekjur manna.

Lagt fram bréf frá fjármáladeild Stjórnarráðsins, dags. 11. Sept. þ. á., til allra skattanefnda um tekjuskatt af landbúnaði.

Fundi frestað kl. 9

Miðvikudag 29. Okt. hélt nefndin áfram störfum við samningu skattskrár kl. 8-12 á miðnætti og Fimtudag

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. og Föstudag 31. starfaði hún enn frá 7.–12.
Síðan kom nefndin aftur saman Mánudag 3. Nóv. og starfaði frá kl. 7–12. og Þriðjudag 4. Nóv. frá 7–12½. Föstudag 7. Nóv. kom nefndin saman og starfaði frá kl. 7–11. Var þá að mestu lokið við samningu skattskrárinnar. Verður hún hreinrituð næstu daga, og að því loknu ákveðið að koma enn saman til að ganga frá skránni til fullnustu.

K. Zimsen. Jón Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Mánudaginn 15. Desember 1919, hélt nefndin áfram störfum og vann meðal annars úr skýrslum frá skattanefndum yfir tekjur manna úr öðrum skatta-umdæmum. Þegar nefndin hafði starfað frá kl. 8 síðd. til kl. 1 eftir miðnætti, var fundi frestað til næsta dags.

K. Zimsen. Jón Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.

Ár 1919, þriðjudaginn 16. Desember, kl. 9 síðd. hélt nefndin áfram störfum og lauk við samningu skattskrárinnar, að öðru en því, að eftir var að reikna út skattinn að nokkru leyti. Var borgarstjóra falið að ljúka við útreikning skattsins og að því loknu verður skattskráin lögð fram.

Fundi slitið kl. 11½.

K. Zimsen. Jón Ólafsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1920 fimmtudag 12. febrúar kom skattanefndin á fund og úrskurðaði kærur þær, sem komið höfðu yfir tekjuskattskrá.

1.

Gunnar Egilsson hefir gefið skýrslu um að tekjur hans hafi ekki numið eins mikilli upphæð og nefndin hafði áætlað. Úrskurðaði nefndin að telja atvinnutekjur hans 10000 krónur og leiðrjettist skattskráin samkvæmt því.

2.

Fiskiveiðafélagið „Haukur" hefir sent leiðrjettingu við uppgjöf á tekjum, og verða tekjurnar samkv. því 158509 kr. og leiðrjettist skattskráin samkvæmt því.

3.

Hjörleifur Þórðarson trésmiður telur fram 5000 kr. atvinnutekjur, og tekur nefndin það til greina, og leiðrjettist skattskráin samkv. því.

4.

Hf. Carl Höepfner gefur upp í atvinnutekjur 26903 kr. Tekur nefndin það til greina og leiðrjettist skattskráin samkvæmt því.

5.

Skóverslun L. G. Lúðvígssonar gefur upp 55340 kr. í atvinnutekjur. Nefndin tekur það til greina, og leiðrjettist skattskráin samkvæmt því.

6.

Pétur A. Ólafsson konsúll hefir gefið nefndinni skýrslu um tekjur sínar. Úrskurðaði nefndin að telja eignatekjur hans 4660 kr., en atvinnutekjur engar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7.

Sigurður Halldórsson Lindargötu 36. Nefndin úrskurðar, að sanikv. skýrslu hans falli tekjuskattur hans niður.

8.

Sigurgeir Halldórsson Lindargötu 36. Samkv. skýrslu hans úrskurðar nefndin, að tekjuskattur hans falli niður.

9.

Halldór Guðmundsson Grundarstíg 4. Samkv. skýrslu frá honum úrskurðar nefndin, að tekjuskattur hans falli niður

Fleiri kærur yfir skattskránni 1920 lágu ekki fyrir, og er þar með starfi nefndarinnar lokið að þessu sinni.

K. Zimsen. Jón Ólafsson Þorvarður Þorvarðsson

Ár 1920 laugard. 18 desember kl. 6 síðdegis kom skattanefndin saman á fund á skrifstofu borgarstjóra, en áður hafði síðan í byrjun október verið unnið að undirbúning skattaskrárinnar. Hafði öllum skattgreiðendum verið send eyðublöð til að gefa á upp tekjur sínar og hafa sumir sem komnir eru nú verið skrásett, svo og aðrar upplýsingar um tekjur manna

Fundi frestað kl. $12^{15}$ e. miðnætti

~~fundi frestað~~ til þriðjudags 21. des kl. 6 síðdegis.

Á tilteknum tíma kom nefndin saman aftur og hjelt áfram störfum til kl. 12 á miðnætti var þá fundi frestað til næsta dags kl. 4 síðdegis

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á tilbeiðni hina kom nefndin saman og hjelt áfram störfum til kl. 1. og var þá fundi frestað, um óákveðin tíma þar bæjarstjóri hafði verið veikur og ekki getað tekið þátt í nefndarstörfum. Ár 1921. föstud. 14 jan. kom skattanefndin saman aptur kl 4 síðdegis og starfaði til kl. 9. og lauk störfum.

Finnsen. Jón Ólafsson [illegible] Bjarnason

Ár 1921 þriðja daginn 2 marz kom skattanefndin á fund og úrskurðaði kærur þær, er komið höfðu fram yfir tekjuskattsskrá.

No. 1.

Þórður Jónsson úrsmiður Austurstræti 9. krefst þess að skattur af atvinnutekjum hans falli niður þar hann enga atvinnu hafi haft árið 1919. Nefndin telur skýrslu hans gilda og úrskurðar að tekjuskattur af atvinnu lagður á hann falli niður.

No 2

Ragnheiður Jónsdóttir Laufásveg 31. Samkvæmt skýrslu hennar úrskurðar nefndin að tekjur hennar af eign skuli teljast kr. 831.oo og af atvinnu kr 1700.oo Skattgjaldið breytist samkvæmt því.

No 3

Andrjes Guðmundsson heildsali Samkv. skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjuskattur hans falli niður.

No. 4.

Halldór Gíslason Njálsgötu 31. Samkv. skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjuskattur hans falli niður.

No. 5.

Loptur Bjarnason Vg 32 Samkv. skýrslu hans færast atvinnutekjur hans niður í kr. 3000.oo og breytist skattgjaldið þar eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nº 6

Geo Copland Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjur hans skuli færast niður í Kr 160.000.oo og skattgjaldið breytast þar eptir

Nº 7

O. Friðgeirsson og Skúlason Samkvæmt skýrslu þeirra úrskurðar nefndin að tekjuskattur þeirra falli niður.

Nº 8

Bjarni Bjarnason Laugaveg 25 Krefst þess að skattur hans falli niður af þeim ástæðum að hann árið 1919 hafi aðeins stundað atvinnu hér í bænum í 2 mánuði. Nefndin getur ekki tekið kröfuna til greina og úrskurðar að skattgjaldið hans standi óbreytt

Nº 9

Jón Jónsson beykir Klapparstíg Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjur hans 1919 færist niður í Kr 7000.oo og skattgjaldið breytist þar eptir

Nº 10

Jón Björnsson Vesturg. 4 Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjur hans árið 1919 færist niður í Kr. 22.400.oo og skattgjaldið breytist þar eptir

Nº 11

Pjetur J. Gunnarsson Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að ~~te~~ tekjuskattur hans af atvinnu falli niður

Nº 12

Guðmundur H. Jakobsson Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að skattskyldar ~~og~~ atvinnu tekjur hans 1919 skuli taldar Kr 2899.32 og skattgjaldið breytast þar eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 13

Brynjólfur Þorsteinsson Hávallag. 5. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að atvinnutekjur hans skuli taldar Kr 3000.00 og skattgjaldið breytast þar eptir
No 14

Halldór Sigurðarson bókb. Ingólfsstræti. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjuskattur hans af atvinnu falli niður.

No 15.

Vigfús Guðmundsson Laufásveg. Skrá hans getur nefndin ekki tekið til greina, þar í henni eru gefnar upp tekjur hans árið 1920 en ekki árið 1919. Nefndin úrskurðar því að tekjuskattur hans standi óbreyttur. Vigfús er fjærverandi úr bænum og gat nefndin því ekki náð í hann til viðtals.

No 16.

Gísli M. Kristjánsson Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að atvinnutekjur hans færist niður í Kr 1120.00 og skattgjaldið breytist þar eptir

No 17.

Guðjón Þorbergsson Bergstaðastræti 8 Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að atvinnutekjur hans færist uppí Kr 3200.00 og skattgjaldið breytist þar eptir

No 18

Gunnar Ó. Kristofersson Lindargötu 1 C. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjur hans færist niður í Kr 2000.00 og skattgjaldið breytist þar eptir

No 19

Kristinn L. Ottosen Vesturg 29. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að skattgjald hans falli niður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 20

Jón Þórðarson Hverfisg. 41. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjur hans 1919 teljist Kr. 2700.00 og skattgjaldið breytist þar eptir

No 21.

Sigurjón Guðmundsson Hvg 65 A. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að tekjuskattur hans af atvinnu falli niður en að hann greiði skatt af 100 Kr. eignatekjum.

No 22.

Þorbergur Þórðarson Vesturg. 35 B. Samkvæmt skýrslu hans úrskurðar nefndin að atvinnutekjur hans teljist Kr 2014.00 og skattgjaldið breytist þar eptir

No 23

Þorbjörg Friðriksdóttir Óðinsg. 10. Samkvæmt skýrslu hennar úrskurðar nefndin að tekjur hennar af atvinnu teljist Kr. 1560.00 og eignatekjur Kr 90.00 Skattgjaldið breytist þar eptir.

No 24.

Eimskipafjelag Íslands. Fyrir hönd fjelagsins mætti yfirdómslögmaður Eggert Claessen og eptir þeim upplýsingum sem hann gaf úrskurðaði nefndin að telja skattskyldar tekjur fjelagsins þannig:

Útborgað til hluthafa Kr. 168.075.00

Yfirfært til næsta árs Kr. 425.241.43

þar frá dregst yfirfært frá fyrra ári 110.608.45

eptir 314.632.98

og umframm dregst þar frá til aðgjörða á Lagarfossi 200.000 – ÷ 114.632.98

100.000 Kr teljast eignaaukning

Samanl. skattskyldar tekjur Kr. 282.707.98

Skattgjaldið breytist þar eptir.

Fleiri kærur lágu ekki fyrir nefndinni og er starfi nefndarinnar þarmeð lokið

K. Zimsen. Jón Ólafsson [illegible] Bjarnason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur